

Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Miðvikudagur 12. febrúar 1997 • 6. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Sláturfélagið Barði

Formlegri starfsemi hætt

Sláturfélagið Barði hf., á Þingeyri hefur hætt formlegri starfsemi vegna rekstrarörðugleika. Allir starfsmenn fyrirtækisins, að frátöldum framkvæmdastjóranum, hafa látið af störfum og er beðið ákvörðunar stjórnar fyrirtækisins um framhaldið, en orðrómur hefur verið uppi þess efnis að leitað verði eftir gjaldþrotaskiptum.

„Fyrirtækið er illa stutt fjárhagslega en það hefur ekkert verið gefið út um framhaldið. Það hefur verið með kjötvinnslu en þeirri starfsemi hefur verið hætt. Það er ekki hægt að segja til um það á þessari stundu hvort leit-

að verður eftir gjaldþrotaskiptum á fyrirtækinu og ég get heldur ekkert sagt til um framtíð þess á þessari stundu,” sagði Þorvaldur Þórðarson, bóndi á Stað í Súgandafirði í samtali við blaðið, en hann gegnir starfi stjórnarformanns fyrirtækisins.

Þorvaldur vildi ekkert láta hafa eftir sér um skuldir fyrirtækisins en sagði að aðal ástæðan fyrir því hvernig komið væri fyrir fyrirtækinu, væru gjaldþrot annarra fyrirtækja s.s. Kaupfélags Ísafirðinga, en þar mun Sláturfélagið Barði hafa átt töluverðar eignir. „Þessi mál skýrast öll í fyllingu útmans,” sagði Þorvaldur.

Þverfjall

120 hnúta vindhraði

„Það gekk allt í sómanum hér. Sjávarhæðin var minni en búist var við og því flæddi ekkert yfir bryggjur og engar skemmdir urðu á mannvirkjum. Aðal hvassviðrið skall ekki á fyrr en það fór að flæða út og því sluppum við vel,” sagði Gunnlaugur Gunnlaugsson, hafnarstarfsmaður á Ísafirði í samtali við blaðið á mánudag, en mikið hvassviðri gekk yfir norðanverða Vestfirði þann dag með mikilli sjávarhæð.

EKKI er vitað til þess að neinar skemmdir hafi orðið í öðrum höfnum á svæðinu í hvassviðrinu. Á Ísafjarðarflugvelli mældist 45-50 hnúta meðalvindur um miðjan dag á mánudag og fór í 70 hnúta í mestu hviðunum, en 64 hnúta vindur samsvarar 12 vindstigum. Mestur vindhraði sem mældist á Þverfjalli á mánudag var 120 hnútar, en meðalvindhraðinn á fjallinu var 85-90 hnútar þegar mest gekk á.

Bolungarvík

Flosi seldur til Kamerún

Bakki hf. hefur gengið frá sölu á Flosa ÍS-15 til fyrirtækis sem er að hefja fiskvinnslu í Kamerún. Skipið mun á næstunni fara í slipp þar sem það verður yfirfarið, en ætlunin er að það verði afhent nýjum eigendum í vor.

Flosi, sem er tæplega 200 tonna skip, var smíðaður í Noregi 1963 og kom fyrst til Bolungarvíkur þegar Einar

Guðfinnsson hf. keypti hann ásamt Hafrúnu ÍS. Finnþógi Jakobsson og Ragnar Ingi Hálf-dánson, í Bolungarvík, keyptu Flosa af Einari Guðfinnssyni hf. árið 1978 og gerðu það út á línu til ársins 1982, en þá var skipið selt Græði hf. Það komst síðan í eigu Ósvarar hf. fljótlega eftir stofnun fyrirtækisins og síðan í eigu Bakka hf. eftir samruna Bakka og Ósvarar.



Grímuball á Skólaskjóli

Líkt og þeir sem eldri eru, fékk yngsta kynslóðin að smakka á rjólabollum á bolludaginn sem var á mánudag. En yngsta kynslóðin gerði fleira í tilefni dagsins. Fjöldi þeirra klæddi sig upp í skrautlega búninga og „möskuðu” með því að ganga í hús og þiggja sælgæti frá húsráðendum. Margt ungvíðið var klætt hinum skrautlegustu búningum og minntu margir þeirra á búninga frægra persóna í nýútgefnum teiknimyndum. Börnin á myndinni hér að ofan, sem héldu grímuball á morgni mánudags á leikskólanum Skólaskjóli á Ísafirði, voru meira en lítill til í að sitja fyrir hjá ljósmyndara blaðsins, enda alltaf gaman þegar maður sér sjálfan sig í blöðunum.

Sameiningarmál Básafells og Kambs á Flateyri

Skýrast fyrir vikulok

Á hluthafafundi í Kambi hf., á Flateyri, sem haldinn var á föstudag, var samþykkt tillaga um breytingar á samþykktum félagsins þess efnis að öll meðferð á hlutabréfum í félaginu verði frjál. Tillaga þessi var borin fram í beinu samhengi við þær umræður, sem átt hafa sér stað við Básafell hf., á Ísafirði, um hugsanlega sameiningu fyrirtækjanna.

„Það hefur ekkert gerst í þessum sameiningarmálum frá því í síðustu viku. Við vorum að bíða eftir hluthafafundinum í Kambi og ætluðum að ræða málin frekar í framhaldi af þeim fundi. Það stóð til að við ræddum saman í dag (mánudag) en af því gat ekki orðið vegna veðurs. Ég reikna því með að við hittumst síðar í vikunni og að einhver niðurstaða gæti legið fyrir, fyrir næstu helgi,” sagði Arnar Kristinsson, framkvæmdastjóri Básafells í samtali við blaðið. Aðspurður um hvort fleiri sameiningar væru á döfinni hjá fyrirtækinu, kvað Arnar svo ekki vera, nóg væri komið í bili.

„Við erum að skoða öll atriði varðandi skipamál fyrirtækisins en engin ákvörðun hefur verið tekin í þeim efnunum. Það er verið að ganga frá sölu á Hafrafellinu til aðila í Garðabæ og við höfum

fengið tilboð erlendis frá í m/b Pál Jónsson. Annað er ekki hægt að skýra frá á þessari stundu, en við erum að sjálfsögðu að skoða framhaldið. Það eru engin áform uppi um að kaupa frystitogara, við erum með þrjú slík skip í dag sem eru mismunandi heppileg og verða öll skipamál fyrirtækisins skoðuð út frá þeirri stöðu.”

Um helgina hófust framkvæmdir við að loka hluta af húsnæði Básafells við Sundahöfn og á því verki að vera lokið um miðjan næsta mánuð. „Húsið hafði aldrei verið klárað og hélt hvorki vatni né vindi og því var ekki annað í stöðunni en að loka því. Í framhaldinu verður skoðað hvort þar verður settur upp frystir eins og teikningar segja til um,” sagði Arnar. Öll skrifstofuástaða Básafells hf., hefur verið flutt í húsnæði Hraðfrystihússins Norðurtanga hf., og þar verður einnig bolffiskvinnsla fyrirtækisins til húsa. Rækjuvinnsla fyrirtækisins verður aftur á móti í tveimur húsum þ.e. í gamla Básafellshúsinu og húsnæði því sem hýsti Rækjuverksmiðjuna Rit hf. Allur rekstur verður aflagður í húsnæði Niðursuðuverksmiðjunnar. Auk þessa hefur Básafell til afnota húsnæði Norðurtangans við Sundahöfn, en þar er nú til húsa fiskmarkaður og hin nýstofnaða Flutningamiðstöð Vestfjarða.

Blaðsíða 3

Forsetahjónin færa Súðvíkingum bókagjöf



Blaðsíða 4

Sextíu ár liðin frá gangsetningu Fossavatnsvirkjunar




Blaðsíða 8

Purfti að berjast til að fá orðið á heimilinu



Spurningin

Eru Vestfirðingar tregari en aðrir landsmenn?



Pétur Bjarnason, fræðslustjóri Vestfjarða:

„Svarið er að sjálf-sögðu nei. Atvinnuuppbygging vestfirska samfélagsins er frábrugðin því sem gerist á öðrum stöðum á landinu. Ég er ekki viss um að Vestfirðingar falli inn í þau gildi sem aðrir landsmenn ætla okkur. Þess vegna er ekki víst að samræmdu prófin mæli okkur til jafns við aðra. Það er erfitt að svara þessu í stuttu máli því þarna spila inn í margir þættir eins og t.d. tíð kennaraskipti í skólunum o.fl.“

Birt hafa verið meðaltöl skóla úr samræmdu prófum síðustu þrjú ár, en þau miðast við skóla með ellefu nemendum eða fleiri í árgangi það ár sem viðkomandi próf var haldið. Athygli hefur vakið að Vestfirðir eru með lægstu meðaleinkun á landsvísu og hafa menn leitað skýringa á því.



Skyldi ég hitta? Miguel Rodriguez (t.h.) ásamt einum gesta sinna við snókerborði.

Ísafjörður

Leikjaheimar taka til starfa

Miguel Rodriguez hefur nú hafið starfsemi sína að Mánagötu 6 á Ísafirði, en eins og greint hefur verið frá, þá er þarna um að ræða aðstöðu sem aðallega er ætluð börnum og unglingum.

Í boði eru fimm fullkomnar

tölvur sem eru tengdar Veraldarvefnum ásamt því að vera nettengdar innbyrðis og hafa notendur aðgang að öllum nýjustu tölvuleikjunum sem eru á markaðnum í dag og geta spilað þá yfir netið eða út af fyrir sig. Á þessum nýja stað,

sem hlotið hefur nafnið „Leikjaheimar“, er einnig hægt að spila snóker og pílukast ásamt skák og öðrum borðspilum.

BB leit inn í Leikjaheima á dögnum og tók þá meðfylgjandi myndir.

Körfuknattleikur

ÍA reyndist ofjarl KFÍ

ÍA vann KFÍ 93-85 í leik liðanna sem fram fór í Íþróttahúsinu að Torfnesi s.l. sunnudagkvöld. Gestirnir komust í 13 stiga forskot fljótlega í fyrri hálfleik en KFÍ náði að saxa á það forskot þegar leið á leikinn og var staðan í hálfleik 39-33 ÍA í vil. Leikmenn ÍA, sem er með hávaxnasta lið DHL-deildarinnar, reyndust þó Ísfríðingum of erfiðir og þrátt fyrir að KFÍ næði að minnka muninn 79-75 í seinni hálfleik, urðu lokatölur leiksins eins og áður sagði 93-85.

ÍA, sem nú er í þriðja sæti deildarinnar, hefur unnið tíu af tólf síðustu leikjum sínum og á liðið það ekki sist að þakka leikmönnum sínum þeim Alexander Ermolinski, og Ronald Bailey, en hann skoraði 41 stig.

Í liði KFÍ voru það þeir Friðrik Stefánsson og Derrick Bryant sem léku einna best. Friðrik og Derrick náðu 27 af 30 fráköstum liðsins en Friðrik hefur leikið undanfarna leiki með rifin liðbönd og hefur verið í æfingahléi vegna þess. Hann lætur sig samt sem áður ekki vanta í leiki og er það skýrt dæmi um áhugann og hörkuna sem býr í þessum unga og efnilega leikmanni.



Ronald Bailey skoraði 41 stig í leiknum.

Ísafjarðarhöfn

Fimm skemmtiferðaskip koma

Tilkynningar hafa borist til Ísafjarðarhafnar um komu fimm skemmtiferðaskipa á komandi sumri. Öll skipin utan eitt, koma aðeins einu sinni, og fækkar því komum þeirra um eina frá síðasta ári, en þá voru þær sjö að tölu. Að sögn Hermanns Skúlaonar, hafnarstjóra Ísafjarðarhafna, standa vonir til að fleiri skemmtiferðaskip sækja bæinn heim í sumar og nefndi hann í því sambandi skemmtiferðaskipið Europa, sem hafði viðkomu á Ísafirði á síðasta ári.

Fyrsta skemmtiferðaskipið, sem bókað hefur komu sína til Ísafjarðar í sumar, er

Vistamar. Það verður við bryggju 10. júní og mun hafa viðdvöl í tíu klukkustundir. Skemmtiferðaskipið Bremen er væntanlegt á Þjóðhátíðardaginn 17. júní, og hefur viðdvöl í fjórar klukkustundir. Þrjú skip koma í júlímánuði, Bremen kemur 5. júlí, Berlín kemur 26. júlí og Arcona kemur 28. júlí. Síðasta skipið sem skráð hefur komu sína til Ísafjarðar í sumar er Maxim Gorki, sem væntanlegt er 11. ágúst. Skemmtiferðaskipið Explorer, sem koma þrisvar sinnum til Ísafjarðar á síðasta ári, er ekki væntanlegt í ár.

Rækjuveiðar

Farið að síga á seinni hlutann

Um síðustu mánaðamót höfðu tæp 1.400 tonn af rækju veiðst í Ísafjarðardjúpi. Heildarkvóti vertíðarinnar var 2.300 tonn og voru því rúm 906 tonn eftir að kvótanum í janúarlök. Stærstur hluti aflans, 859,4 tonn, hefur farið til vinnslu hjá Básafelli, 197,8 tonn hafa farið til vinnslu hjá Bakka í Bolungarvík, 191,7 tonn til Bakka í Hnífsdal og 120,7 tonn hafa farið til vinnslu hjá Frosta í Súðavík.

Aflahæsti rækjubáturinn til þessa er Aldan ÍS, sem komið hefur með rúm 104 tonn að landi. Í öðru sæti er Halldór Sigurðsson ÍS með 101,8 tonn, þá kemur Örn ÍS með

99,8 tonn, þá Gunnvör ÍS með 79,2 tonn og Stundvís ÍS með 73,1 tonn, en hann er eini rækjubáturinn sem lokið hefur að veiða kvóta sinn samkvæmt skýrslu Hafrannsóknarstofnunar á Ísafirði.

Frá Ísafjarðarhöfn fengust þær fréttir í gærðag að Stefnir hefði landað 35 tonnum á sunnudag og Páll Pálsson 80 tonnum á mánudag, en uppi staða í afla Páls Pálssonar var þorskur. Orri kom einnig í land aðfaranótt mánudags til að sækja slæðu, en skipið missti trollið á sunnudag. Heildarverðmæti afla Orrans var komið í tæpar 12 milljónir á sunnudag.

Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Tímamót

Ísfrískir iðnaðarmenn komu fljótt auga á þá möguleika sem felast í beislun vatnsorku til raforkuframléiðslu. Umræður á félagsfundum þeirra á árinu 1905 um byggingu vatnsaflsvirkjunnar í Úlfás leiddu þó ekki til aðgerða. Þeirra verður engu að síður minnst í hópi frumkvöðlanna.

Þrjú áratugir liðu frá umfjöllun iðnaðarmannanna þar til hafist var handa við byggingu Fossavatnsvirkjunar, sem formlega var tekin í notkun 13. febrúar 1937. Þetta var langur tími. Hann leið þó ekki hjá til einskis. Á þessum árum var mikið skrafað og skrifað og hart deilt um nýtingu fallvatna landsins til raforkuframléiðslu. Þótt ráðamenn á Ísafirði kunni að hafa fylgst vel með framvindu mála á landsvísu og möguleikar á vatnsaflsvirkjun í héraði væru skoðaðir, varð ekkert úr framkvæmdum. Hvað sem olli því, þá sátu Ísfríðingar eftir á þessum árum. Segja má að biðin eftir hinni langbráðu birtu hafi tekið enda með tilkomu díselrafstöðvar Rafflýsingarfélag Ísafjarðar, sem tók til starfa 1921, þótt framléiðslugeta stöðvarinnar uppfyllti ekki þarfir og væri ekki sú lausn, sem menn dreyndi um.

Á morgun eru sextíu ár liðin síðan orkuver Rafmagnsveitu Ísafjarðar og Eyrahræpps í Engidal tók formlega til starfa. Þeirra tímamóta er vert að minnast. Rafveitan, eins og fyrirtækið var ætíð kallað, leysti Rafflýsingarfélagið af hólmi. Þótt talið væri á sínum tíma að Fossavatnsvirkjunin væri vel við vöxt, kom fljótt í ljós þörfin fyrir aukid rafmagn. Menn kunnu að nýta sér þá möguleika, sem rafmagnið bauð

upp á. Rafstöðin í Engidal var því stækkuð 1946 með virkjun Nónhornsvatns. Reyndar greip seinni heimsstyrjöldin örflítið í taumana og seinkaði framkvæmdum, er tengibúnaður til virkjunarinnar hafnaði á botni Faxaflóa þegar e/s Goðafossi var sökkt í nóvember 1944. Tvívegis var orkuframléiðsla Engidalsstöðvarinnar aukin með díselvéllum.

Líkt og mönnum sýndist sifft hvað um beislun fossa við upphaf rafvæðingar á Íslandi, svo greindi menn á um stofnun Orkubús Vestfjarða þegar sú staða var uppi að vænlegt gat talist að Vestfirðingar beindu kröftum sínum í einn farveg til að tryggja hagkvæma orkuöflun og dreifingu í kjördæminu í stað þeirra smáu eininga, sem fyrir voru á þessu sviði. Stofnun Orkubúsins og yfirtaka þess á eignum Rafveitu Ísafjarðar í ársbyrjun 1978 var skref sem taka varð til að styrkja stöðu okkar Vestfirðinga, ákvörðun sem menn greinir ekki lengur á um.

Erfitt er að bera saman vægi stofnun Rafveitunnar og tilkomu Orkubúsins. Svo ólíkir eru tímarnir og allt umhverfi þótt ekki skilji að nema fjórir áratugir. Fullyrða má þó að bæði fyrirtækin hafi staðið undir væntingum og vel það.

Orkubú Vestfjarða er í dag öflugt fyrirtæki, verðugur arftaki þeirra fyrirtækja sem greiddu Vestfirðingum götu inn í öld rafvæðingarinnar. Það er full ástæða til að standa vörð um stöðu þess og hagsmuni, sem eru okkar allra.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Ísafjörður sem ráðstefnubær

Hótel Ísafjörður og Vesturferðir kynntu í síðustu viku átak sem er að hefjast og miðar að því að efla Ísafjörð sem fundu- og ráðstefnubæ. Til kynningarinnar var boðið stjórnendum fyrirtækja, stofnana og félagsamtaka í þeim tilgangi að vekja athygli á þeirri aðstöðu sem til staðar er á Ísafirði fyrir fundu- og ráðstefnuhald.

Að sögn Sigríðar Krist-

jánsdóttur, hjá Vesturferðum, þá er markmið átakins að fjölga fundum og ráðstefnum sem haldnar eru á Ísafirði. „Óflug ferðapjónusta eykur fjölbreytni í atvinnulífinu og tekjur af atvinnugreininni eru veruleg lyftistöng fyrir þjónustufyrirtæki á svæðinu og þar sem ráðstefnur og fundir eru oftast haldnir utan háannatíma þá liggur í hlutarins eðli, að ef

tækist að fjölga ráðstefnum og fundum hérna, þá myndi það lengja ferðamannatímabilið og auk þess bæta ímynd svæðisins út á við.“ Sigríður segir að fundu- og ráðstefnuaðstaða sé að mörgu leyti mjög góð á Ísafirði t.d. á Hótel Ísafirði þar sem starfi hópur sérmenntaðs fólks sem leggi sig fram um að veita faglega þjónustu. Hún segir jafnframt að í Stjórn-




Forsvarsmenn átakins; hótellstjórahjónin Ólafur Örn Ólafsson og Áslaug Alfreðsdóttir ásamt Sigríði Kristjánsdóttur hjá Vesturferðum.

sýsluhúsinu á Ísafirði sé góð aðstaða fyrir stærri fundi sem og í Framhaldsskóla Vestfjarða. Íþróttahúsið að Torfnesi er enn einn möguleikinn en það hentar vel undir vörusýningar og mjög stóra fundi og ráðstefnur.

Vesturferðir hafa síðan 1993

annast skipulagningu og sölu skoðunarferða og þar á meðal skoðunarferðir í tengslum við fundi og ráðstefnur. Auk skoðunarferða hafa Vesturferðir annast skipulagningu og undirbúning fyrir fundi og séð um ýmsa þjónustu við fundagesti meðan á fundi stendur. Sigríður

segir að í upphafi sé ætlunin að kynna átakið fyrir heimamönnum, því í raun séu þeir bestu sölumennirnir og gestgjafarnir. Fljótlega verður síðan hafist handa við kynningu Ísafjarðar sem ráðstefnustaðar á landsvísu.



Ólafur Helgi Kjartansson og Bergljót Jónsdóttir ásamt nemendum.

Grunnskólinn í Súðavík

Fær bækur að gjöf frá forseta Íslands

Á miðvikudag í síðustu viku færði Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Ísafirði, Grunnskóla Súðavíkur, sex bækur að gjöf frá forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, og eiginkonu hans, Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur. Tilefni gjafarinnar var vígsla grunnskólans og leikskólans á staðnum,

sem fram fór s.l. haust en bygging leikskólans ásamt stækkun grunnskólans hófst árið 1994. Við stækkun grunnskólans fengust fimm nýjar kennslustofur ásamt sal og snyrtingum og ný leikskólinn Engjasel, rúmar nú 20 börn. Gjöf forsetans samanstendur af sex bókum; íslenski samheita-

orðabók, enski orðabók, dansk-íslenski orðabók, fræðibókunum „Hverir á Íslandi“ og „Hraunhellar á Íslandi“ og íslenski orðabók. Það var Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Súðavíkur, sem veitti gjöfinni viðtöku fyrir hönd skólans en einnig voru viðstaddir fulltrúar nemenda og börn á leikskólanum.



**ALLAR PIZZUR Í SAL
Á HÁLFVIRÐI
UM HELGINA**

**TILBOÐ Í HEIMSENDINGUM
FRÁ FÖSTUDEGI TIL SUNNUDAGS**

18" PIZZA MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM KR. 1.300,-

16" PIZZA MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM KR. 1.150,-

VERIÐ VELKOMIN!



Aðalstræti • Bolungarvík
Sími 456 7021

**JÓN BAKAN BOLUNGARVÍK
OPNAR NÝJAN OG BREYTTAN
VEITINGASTAÐ
KL. 17 Á FÖSTUDAG**

**BJARNI TRYGGVA SPILAR FÖSTUDAGS-
OG LAUGARDAGSKVÖLD FRÁ KL. 23 - 03
AÐGANGUR ÓKEYPIS**

Afmælisins minnst með opnu húsi síðar á árinu

Á morgun, fimmtudaginn 13. febrúar, eru liðin sextíu ár frá því rafstöðin í Engidal í Skutulsfirði var formlega tekin í notkun. Orkubú Vestfjarða, sem rekið hefur stöðina frá árinu 1978, hyggst minnst afmælisins síðar á árinu með opnu húsi. „Við komum til með að minnst þessara tímamóta síðar á árinu og þá í tengslum við 20 ára afmæli Orkubúsins. Við erum um þessar mundir að láta prenta upplýsingabækling

um virkjunina í samantekt Hlyns Þórs Magnússonar, sem liggja mun frammi fyrir þá sem áhuga kunna að hafa, á skrifstofu Orkubúsins. Við stefnum að því að vera með opið hús í sumar, þar sem öll starfsemi fyrirtækisins verður kynnt, og verður sú kynning haldin í tengslum við 20 ára afmæli fyrirtækisins í ágúst,” sagði Kristján Haraldsson, orkubústjóri í samtali við blaðið. Blaðið hefur tekið saman

Rafstöðvarhúsið í Engidal.

nokkra punkta um sögu virkjunarinnar í Engidal og fer hún hér á eftir.

Fyrsta rafveitunefnd Ísafjarðarkaupstaðar var kosin árið 1913, en það ár bauðst Indriði Helgason, rafvirki, til þess að rafvæða kaupstaðinn frá vélarafstöð, en ekki tókust samningar þar um. Síðar sama ár snéri bæjarstjórn Ísafjarðar sér til Halldórs Guðmundssonar, raffræðings í Reykjavík, um athugun á vatnsaflsvirkjun í Seljalandslæk, en danskir landmælingarmenn höfðu gert mælingar á virkjunarstöðum þar. Úr þessum ráðagerðum varð þó ekkert, enda skall heimsstyrjöldin fyrri á skömmu síðar. Næst var rafmagnsmálið tekið fyrir sumarið 1915, en þá gerði Guðmundur J. Hlíðdal verkfræðingur mælingar vegna raflysingar og lagði ári síðar fram áætlun um 220 ha vatnsorkuver í Fossá í Engidal og 6 kW raflínu þaðan til bæjarins. Kostnaður við framkvæmd-

frá Arngerðareyri, til þess að þúsund krónur. Virkjunarmál þetta féll þó niður árið 1920, en þá höfðu nokkrir Ísfirðingar stofnað félag um rafvæðingu kaupstaðarins.

Raflysingarfélag Ísafjarðar hf.

Þegar viðleitni bæjarstjórnar Ísafjarðar hafði ekki leitt til raflysingar í kaupstaðnum árið 1920, stofnuðu nokkrir Ísfirðingar, Raflysingarfélag Ísafjarðar, og veitti bæjarstjórnin félagi þessu leyfi til þess að koma upp vélarafstöð til húslysingar með því skilyrði, að rafstöðin yrði lögð niður, ef komið yrði upp vatnsorkuveri fyrir bæinn. Félagið fékk síðan Jochum Ásgeirsson, rafvirki

frá Arngerðareyri, til þess að koma rafveitunni upp, setja niður vélar og leggja dreifikerfi um kaupstaðinn. Verkið var hafið sumarið 1920, og rafveitan tók til starfa árið eftir. Rafvélum var fyrst komið upp í kjallara Bökunarfélagsins, en árið 1930 voru þær fluttar í hús Jóns A. Þórólfsssonar, að Aðalstræti 15 á Ísafirði.

Rekstur félagsins var yfirleitt erfiður og tap öll hin síðari ár. Rekstri stöðvarinnar var hætt 13. febrúar 1937, en þá tók Fossavatnsvirkjun til starfa. Félaginu var formlega slitið árið 1942, en allar eignir þess höfðu þá verið seldar, og fengu hluthafar greitt tap sitt.

Undirbúningur vatnsvirkjana

Árið 1924 var vatnsvirkjunarmálið tekið upp að nýju. Þá er Ísafjarðarkaupstað boðin þátttaka í sameiginlegri virkjun við Reiðhjalla í Fossá í Bolungarvík, ásamt Hólshreppi og Eyrarhreppi. Bæjarstjórn Ísafjarðar þurfti nú að ganga úr skugga um, hvort heppilegra væri fyrir kaupstaðinn að ráðast í virkjun í eigin nágrenni eða taka þátt í Reiðhjallavirkjun.

Eiríkur Ormsson, rafvirkjameistari kannaði staðhætti og virkjunarleiðir fyrir Ísafjarðarkaupstað árið 1925. Í ágúst 1927 var honum falið að gera áætlun og tillögur um virkjun Fossár og Selár í Engidal, og lagði hann fram áætlanir sínar árið eftir. Þá var Steingrími Jónssyni, rafmagnsstjóra í Reykjavík, falinn samanburður á áætlunum Eiríks Ormssonar

Við hjálpum með þinni hjálp!



Þú getur tekið þátt í að lina þjáningar með því að kaupa Rauda kross penna á öskudaginn

RAUDI KROSS ÍSLANDS

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús:

Bakkavegur 23: 133,6m² einbýlishús úr timbri á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð óskast.
Bakkavegur 25: 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-
Engjavegur 12: 210m² einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.500.000,-
Fagraholt 12: 156,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni möguleg. Tilboð óskast.

Fjarðarstræti 18: 120,6m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Mikil endurnýjað. Skipti möguleg. Verð: 11.500.000,-
Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Hafraholt 28: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Hjallavegur 19: 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Verð: 12.700.000,-
Hlíðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjall-



Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíþylli. Verð: 6.000.000,-

ara. Verð: 6.700.000,-
Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
Hrannargata 4: 257,6m² einbýlishús á 3 hæðum ásamt kjallara og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Tilboð óskast.
Krókur 1: 51,1m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð 4.400.000,-
Miðtún 31: 190 m² endaraðhús, norðurendi á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Skipagata 11: 78 m² einbýlishúsá tveimur hæðum Húsið er laust strax. Tilboð óskast.
Stakkanes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Verð: 11.600.000,-
Sunnuholt 6: 231,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 13.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhúsá tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Aðalstræti 19: 110m² 5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.800.000,-
Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi

ásamt kjallara. Verð: 8.900.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 5.900.000,-
Fjarðarstræti 13: 80m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 6.200.000,-
Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þríbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 6.500.000,-
Pólgata 4: 76 m² 5 herbergja íbúð á 3 hæð í þríbýlishúsi. Verð: 3.500.000,-
Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög falllegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
Sólgata 5: 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norður-enda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-
Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð til vinstri í fjölbýlishúsi. Verð: 7.400.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus um

áramót. Verð: 7.800.000,-
Stórholt 13: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi, ásamt bílskúr. Skipti á stærrri eign möguleg. Verð: 7.800.000,-
Tangagata 20: 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Engar áhvilandi skuldir. Verð: 3.800.000,-
Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 6.700.000,-
Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.
Urðarvegur 45: 131,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98m² íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 7.200.000,-
Hlíðarvegur 27: 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppí Verð: 5.500.000,-
Stórholt 7: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-

Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-
Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
Stórholt 11: 80m² íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 11: 80 m² íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
Stórholt 11: 72,6m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

2ja herbergja íbúðir

Hlíf II: 50,4 m² íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-
Hlíf II: 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-
Urðarvegur 78: 73m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.400.000,-

Atvinnuhúsnæði

Silfurgata 6: verslunarhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi í hjarta bæjarins. Verð: 5.000.000,-



Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-

í Engidal og Jóns Fannberg um sameiginlega virkjun við Reidhalla og ennfremur að athuga líkur fyrir stórvirkjun fyrir Vestfirði í Arnarfirði. Álitsgerð Steingríms var lögð fram í desember 1928. Hún var mjög ítarleg og lagði hann til, að byrjað yrði á virkjun Fossavatns. Niðurstöður virkjunarmálsins urðu þær, að Ísafjarðar-arkaupstaður og Eyrarhreppur ákváðu að standa sameiginlega að virkjun Fossavatns.

Þessu næst var Höskuldi Baldvinsyni, raffræðingi, falið að gera útbodslýsingar að virkjuninni og í nóvember 1929 voru nokkur tilboð í verkið opnuð. Næst tók við lánsfjarleit til framkvæmdar verksins. Stöð hún yfir árum saman, en bar loks árangur er sænskir aðilar buðu nægilega greiðslufresti, svo að hefja mætti framkvæmdir.

Fossavatns- og Nónhornsvirkjanir


Framkvæmdir við Fossavatnsvirkjun hófust síðan í maí 1936 og gengu greiðlega. Í byrjun febrúar 1937 voru vélar reyndar og skiluðu þær 640 kW, þótt vatnshverfill væri ekki nýttur til fulls. Hinn 13. febrúar 1937 var síðan straumi hleypt á rafveitukerfi Ísafirðinga. Byggingarkostnaður við virkjunina fór langt fram úr áætlun. Stíflan við Fossavatn var t.d. hækkuð um þrjú metra, og skurður úr vatninu gegnum klöpp varð miklu dýpri en áætlað hafði verið. Þá var vélaafl einnig aukið. Vatnsskortur seinni hluta vetrar 1937 olli miklum erfiðleikum. Fossavatn liggur það hátt, að þótt rigni í byggð, þá snjóar hið efra. Úrkoman var því sjaldan að gagni að vetrarlagi. Árið 1940 var ljóst orðið, að Fossavatnsvirkjun myndi ekki fullnægja vaxandi orkuþörf Ísafirðinga. Sumarið 1941 var athugun gerð á virkjun Selánna og þar stuðst við fyrri athuganir. Sigurður S. Thoroddsen, verkfræðingur hafði árið 1936

lokið við uppdrætti að stíflu og pípuögn frá Nónhornsvatni að rafstöðvarhúsinu í Engidal. Jakob Gíslason, forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins, lauk við útbodslýsingu á vélum og virkjunarbúnaði við Nónhornsvatn í júní 1941, og var fyrst leitað tilboða í Englandi, en þaðan fengust ekki útflutningsleyfi fyrir vélum og efni til virkjunarinnar. Þá var Steingrími Jónssyni, rafmagnsstjóra falið að leita tilboða í Ameríkuferð hans síðla árs 1941, og gerði hann samninga við bandarískar verksmiðjur um vélakaup.

Merkur áfangi

Rekstur Fossavatnsstöðvarinnar hefur yfirleitt gengið vel, og hefur hún skilað um 3.500 MWh að meðaltali á ári, en aukin orkuþörf á svæðinu og betri nýting vatnsvélanna gerði nauðsynlegt að afla díselvéla til þess að starfa með vélum stöðvarinnar. Samanlagt vélaafl Fossavatnsstöðvarinnar í ársbyrjun 1957 var 1.86 MW. Árið 1975-1976 var reist hús fyrir varastöð við Sundahöfn á Ísafirði og árið 1976 var sett upp GM díselvélasamstæða í húsið. Vélin var tekin í notkun í desember sama ár og var varaafli í díselvélum í Engidal og á Ísafirði komið í 2.86MW í árslok 1986.

Þann 11. febrúar 1960 voru virkjanirnar í Engidal, Reidhjallavirkjun í Bolungarvík, Mjólkár- og díselstöðvar á Vestfjarðasvæðinu samtengdar um háspennulínur þær, er Rafmagnsveitur ríkisins höfðu lagt á Vestfjörðum. Hér var um merkan áfanga að ræða í raforkumálum Vestfjarða. Hinn 4. maí sama ár var síðan aðveitustöð Rafmagnsveitna ríkisins, sem reist hafði verið í Stóruurð á Ísafirði, tilbúin til notkunar, en segja má, að um hana hafi legið samtengipræðir þessara þriggja vatnsorkuvera, a.m.k. hvað Ísafjörð og Bolungarvík snertir.



Séð inn í rafstöðina í Engidal.

Ársskýrsla Ísafjarðarhafna fyrir árið 1996

Skipakomum fækkaði um 16% milli ára

Skipakomum í hafnir í Ísafjarðarbæ fækkaði um 16% á milli áruna 1995 og 1996, samkvæmt nýútgefinni skýrslu hafnanna. Árið 1995 voru skipakomur 1.067 talsins en á nýlliðnu ári voru þær 897. Rúm 39 þúsund tonn af fiski komu í land í höfnum Ísafjarðarbæjar á síðasta ári og kom stærstur hluti þess að landi í Ísafjarðarhöfn, eða 21.300 tonn. Flateyri var í öðru sæti hvað varðar aflamagn en þar komu á land 11.215 tonn, þar af var skelfiskur 5.720 tonn. Á Suðureyri komu 3.455 tonn að landi og 3.004 tonn var landað á Þingeyri.

Flest skipin sem áttu viðkomu í höfnun Ísafjarðarhafnar voru íslensk

fiskiskip, eða 386 talsins. Erlend farmskip (áætlanarskip) áttu viðdöl í 156 skipti og Djúpbáturinn Fagranes lagðist 147 sinnum að bryggju. Þann 1. júní á síðasta ári voru Suðureyri, Flateyri, Þingeyri og Ísafjörður sameinuð í eitt sveitarfélag og um leið voru hafnirnar orðnar sem ein höfn og eitt gjaldsvæði. Flutningur skipafélaganna jókst á síðasta ári og var þar mest um að ræða fisk sem fluttur var til vinnslu á svæðinu.

Þó nokkrar framkvæmdir voru á vegum hafnanna fjögurra á síðasta ári. Á Ísafirði var haldið áfram með framkvæmdir við gömlu bátahöfnina, steipt var þekja og lagðar lagnir

fyrir vatn og rafmagn auk þess sem nokkrar malbikunarframkvæmdir áttu sér stað, en ekki tókst að ljúka því verki á árinu og verður því lokið í vor. Á Suðureyri var lokið við smábátahöfn auk þess sem steipt var skábraut til að taka á land smábáta. Á Flateyri var steipt þekja á hafnar-kantinn, lokið var við byggingu masturshúss og svæðið í kringum hafnarvogina var malbikað. Á Þingeyri var lokið við smábátahöfn og komið upp lýsingu við höfnina. Þá var nokkuð um viðhaldsverkefni á höfnunum og dýpkunarskipið Graddi lauk við dýpkun á Sundunum á Ísafirði. Í júlí á síðasta ári fór

Eimskip að ferma og losa skip sín í Sundahöfn á Ísafirði og flutti fyrirtækið starfsemi sína í nýtt húsnæði við höfnina í október og vonir standa til að Samskip geti einnig flutt starfsemi sína að Sundahöfn innan tíðar. Markaðssetning skemmtiferðaskipa hélt áfram á árinu en sjö skemmtiferðaskip sóttu Ísafjörð heim á árinu en með þeim voru 2.443 farþegar. Sú þróun heldur áfram að skipum fækkar og að þau verði stærri en áður. Meðalstærð skráðra skipa á Ísafirði var 1.223 brt. árið 1995 á móti 1.314 brt. árið 1996. Enginn línubátur var gerður út frá Ísafirði á síðasta ári.


REDKEN REDKEN REDKEN REDKEN REDKEN

Kynning á þessum frábæru hársnyrtivörum


|Fimmtudag og föstudag|

|Hárgreiningartæki|

|Kynningartilboð|



HÁRGREIDSLUSTOFA
SÍMI: 456 4442



HÁRGREIDSLUSTOFA
SÍMI: 456 4442

REDKEN REDKEN REDKEN REDKEN REDKEN

Líf og fjör í Studio Dan



Konráð Jakobsson og Gísla Björg Einarsdóttir á göngubrautunum.

Sífelld fleiri landsmenn stunda reglulega líkamsrækt af ýmsu tagi. Vakning sú sem orðið hefur meðal íslensku þjóðarinnar um nauðsyn heilsusamlegs lífens og hreyfingar hefur valdið straumhvörfum í lífi margra sem fylkt hafa sér að baki þessu nýja lífsviðhorfi. Vestfirðingar hafa ekki látið sitt eftir liggja eins og sést m.a. á þeirri uppbyggingu íþróttamannvirkja sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Sundlaugar og íþróttahús hafa verið byggð víða og er nú svo komið að telja verður að þeim málum sé nokkuð vel háttað. Mikill fjöldi líkamsræktarstöðva hefur sprottið upp á landinu, flestar á höfuðborgarsvæðinu, eins og gefur að skilja, en einnig ein og ein á landsbyggðinni.

Studio Dan á Ísafirði er ein þessara líkamsræktarstöðva en eigendurnir, þau Stefán Dan Óskarsson og Rannveig Hestnes, voru frumkvöðlar í starfsemi af þessu tagi á Vestfirðum en stöðin er í hugum margra ísfirðinga, og Vestfirðinga, afdrepp fyrir þá sem vilja styrkja sál og líkama undir öruggri leiðsögn hæfra leiðbeinenda. Að sögn Stefáns Dan er nauðsynlegt að fylgjast vel með öllum nýjungum því þróunin sé ör í framleiðslu líkamsræktartækja og fólk vilji aðeins það besta. En Studio Dan er ekki einungis líkamsræktarstöð í hefðbundnum skilningi þess orðs, því boðið er upp á ýmislegt annað, t.d. rafmagnstækjanudd, nuddpott, skvass, körfuboltaaðstöðu og síðast en ekki síst fullkomna ljósabekki, en þeir eru nú fimm talsins. Stefán segir að reglulega séu haldin ýmis námskeið svo sem fitubrennslunámskeið og námskeið í yoga ásamt hinum vinsælu reykingarnámskeiðum þar sem fólk er hjálpað við að hætta að reykja t.d. með hjálp nálarstunga og dáleiðslu.

BB leit inn í Studio Dan á dögunum, kynnti sér starfseminu og hitti að máli nokkra viðskiptavini.

Ernir Ingason, starfsmaður Íslandsbanka, var á fullu í tækjunum og sagðist vera að reyna að ná af sér jólasteikinni. „Það má eiginlega segja að ég sé að efna áramótaheit. Annars stunda ég badminton og golf á sumrin en nú er ekki hægt að vera á skíðum þannig að eitthvað verður maður að gera. Ég er mjög ánægður með þetta hérna en finnst slæmt til þess að hugsa að þorablótsvertíðin skuli vera að byrja og allar líkur á að maður bæti á sig aftur.“ Ernir kvaðst mjög ánægður með aðstöðuna í Studio Dan og mælti eindregið með henni fyrir kyrrsetufólk eins og sig.

Konráð Jakobsson, skrifstofumaður hjá Hraðfrystihúsinu í Hnífsdal, var á göngubrettinu og sagðist hafa „gutlað“ við þetta nokkra vetur. Hann kvaðst upphaflega hafa byrjað til að halda líkamanum við og reyna

að styrkja sig og hann finni að í dag sé hann léttari á sér og þolbetri. Konráð kvaðst ákveðinn í að halda áfram að æfa og var nokkuð ánægður með aðstöðuna.

Gísla Björg Einarsdóttir vinnur hjá Bókhaldsþjónustu Fylkis Ágústssonar og sagðist hafa æft af og til í eitt og hálf ár. Síðan á áramótum hefur hún mætt í Studio Dan fjóra til fimm daga í viku en hún segir að þolið hafi aukist til muna ásamt því að vöðvar hafi styrkst. Gísla álitur að aðstaðan sé mjög góð í Studio Dan miðað við þann markað sem stöðin býr við og hún er ánægð með þjónustuna sem hún segir mjög góða.

Hilmar Pálsson vinnur hjá VÍS og byrjaði í ræktinni í nóvember s.l. Hann þjáðist af brjóslokosi um tíma og er nú að reyna að byggja sig aftur upp. Hilmar, sem einnig er íþróttakennari, segist jafnan hafa í huga að reyna jafnt á allan líkamann til að halda sér í formi og brenna fitunni. Hann fer eftir þróttakennara Stefáni Dan eins og er, en segir að þegar fram í sækni muni hann setja upp sitt eigið, en hann æfir tvisvar í viku og segist ætla að halda því áfram að minnsta kosti fram á vor.

Rannveig Björnsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Heilsugæslustöð Ísafjarðar, hefur æft reglulega í nokkur ár, þrisvar til fimm sinnum í viku. Hún segist hafa byggt upp þol og líkamlegan styrk með reglulegum æfingum.



Ernir Ingason þiggur ráðleggingar frá Stefáni Dan.

Aðspurð segir hún að það hafi ekki reynst sér erfitt að byrja á sínum tíma og hún mælir með hreyfingu fyrir alla en það sé hvers og eins að finna út hvað sé við hæfi.



Rannveig Björnsdóttir æfir 3-5 sinnum í viku.



Hilmar Pálsson á stígbrettinu.

Ísafjarðarbær

Símasambandslaust á Þingeyri

Íbúar í 10-15 húsum á Þingeyri voru nýverið símasambandslausir í fimm daga samfleytt, eða frá föstudegnum 31. janúar til miðvikudagsins 5. febrúar. Að sögn Guðmundar Hrafnssonar, verkstjóra Línu-eildar Pósts og síma hf., var ástæðan fyrir þessu langa sambandsleysi sú, að mjög erfitt reyndist að finna bilunina og þurfti að grafa á mörgum

stöðum í frosna jörð áður en hún fannst. Þarna var um að ræða tengingu sem hafði lekið inn á, og segir Guðmundur að svona bilanir séu óalgengar, en komi þó upp einu sinni til tvisvar á hverjum vetri. Eins og áður sagði hefur lagfæring nú farið fram þannig að Þingeyringar eru komnir í samband aftur.

Körfubolti kvenna

KFÍ stúlkur standa sig vel

Helgina 1.-2. febrúar s.l. fór fram 2. umferð í annari deild kvenna á Laugarvatni. Þar mættust í annað sinn KFÍ, Skallagrímur og Laugdælir. Á sunnudag fór fram leikur KFÍ og Laugdæla og var fyrirfram ljóst að um hatramma baráttu yrði að ræða, því síðast þegar liðin áttust við þá sigruðu liðsmenn KFÍ með 8 stiga mun. KFÍ stúlkur náðu ágætu forskoti í fyrri hálfleik eða 25-19. Laugdælir náðu að saxa á forskotið í seinni hálfleik og náðu að koma stöðunni í þriggja stiga mun. Allt kom þó fyrir ekki og stóðu KFÍ stúlkur uppi sem sigurvegarar og urðu lokatölur 54-48. Sigríður Guðjónsdóttir fór á kostum í þessum leik og skoraði 32 stig og var að öðrum ólöstuðum leikmaður þessa leiks. Athyglisvert var hversu vel yngri stúlkurnar stóðu sig og greinilegt er að þær eru í mikilli framför.

Síðari leikur KFÍ var við Skallagrím frá Borgarnesi en fyrri leikur liðanna endaði með sigri KFÍ. Leikurinn var hörkuspennandi og var staðan í hálfleik 20-20. Seinni hálfleikur byrjaði með látum og náði Skallagrímur 6 stiga forskoti strax á fyrstu mínútnum og hélt því forskoti allt til loka leiksins þrátt fyrir mikla baráttu KFÍ stúlkna. Liðsheldin hjá KFÍ var ágæt en varnarleikurinn var kannski ekki upp á marga fiska í lok leiksins sem endaði 39-49 Skallagrími í vil. Elínborg Herbertsdóttir var stigahæst í liði KFÍ með 20 stig.

KFÍ og Skallagrímur eru bæði með 6 stig að ólokinni einni umferð og er því ljóst að þessi lið mætast í hreinum úrslitaleik 15. mars í Borgarnesi og verður þá leikið um Íslandsmeistaratilinn í 2. deild kvenna og sæti í 1. deild að ári.


Ísafjarðarbær

Frjálsíþróttamót á Flateyri

S.l. föstudag var haldið frjálsíþróttamót fyrir börn og unglinga í Íþróttahúsinu á Flateyri. Þátttakendur í mótnu, sem mun vera það fyrsta sinnar tegundar á Flateyri, voru um 90 á aldrinum 6 ára til 16 ára, og komu þeir frá Flateyri, Suðureyri og næsta nágrenni.

Keppt var í sex greinum; langstökki, hástökki, þristökki, kúluvarpi, 200 metra hlaupi og boltakasti sem sérstaklega var ætlað yngstu þátttakendum.

Mótið þótti takast vel og er áætlað að framhald verði á mótshaldi af þessu tagi en möguleiki til að stunda greinar



sem þessar innanhúss, opnaðist Flateyringum fyrst þegar íþróttahúsið þeirra var tekið í notkun í apríl á síðasta ári.

Félagið tekur við innan-landsflugi Flugleiða

Stjórnir Flugleiða og Flugfélags Norðurlands hafa samþykkt að Flugfélag Norðurlands taki við starfsemi innanlandsflugs Flugleiða frá og með 1. júní nk. Jafnframt samþykktu stjórnir félaganna að nafni Flugfélags Norðurlands verði breytt í Flugfélag Íslands hf.

Flugleiðir, sem í dag eiga 35% hlutfjár í Flugfélagi Norðurlands, auka sinn hlut í félaginu sem verður 65% eftir breytinguna, en fimm Akureyringar munu skipta með sér 35%

hlutfjár. Páll Halldórsson, sem verið hefur forstöðumaður innanlandsflugs Flugleiða, verður framkvæmdastjóri hins nýja félags. Starfsmönnum innanlandsflugs Flugleiða hafa verið boðin störf hjá Flugfélagi Íslands hf., frá og með 1. júní. Þeir flugmenn Fokker 50 flugvéla, sem í dag starfa hjá Flugleiðum munu halda stöðum sínum hjá félaginu en starfsvettvangur þeirra verður hjá Flugfélagi Íslands, sem gerir um það verktakasamning við Flugleiðir. Flugmenn hjá

Flugfélagi Norðurlands verða starfsmenn Flugfélags Íslands og nýir flugmenn innanlandsflugs einnig.

Heimili og varnarþing Flugfélags Íslands verður á Akureyri, en svo skammtilega vill til að 3. júní næstkomandi eru 60 ár frá því að Flugfélag Akureyrar var stofnað. Nafni þess var seinna breytt í Flugfélag Íslands, sem svo aftur myndaði Flugleiðir með Loftleiðum. Merki Flugfélags Íslands verður hið sama og notað var fram til sameiningar félag-

anna árið 1973. Starfsemi félagsins verður umfangmest á flugleiðum milli Reykjavíkur og áætlanarstaða á landsbyggðinni og á milli Akureyrar og staða á norðanverðu landinu. Meinstarfsemi félagsins verður á Reykjavíkflugvelli, sem verður miðstöð flutninga og viðkomustaður langflestra farþega.

Flugfélag Íslands mun hafa á að skipa fullkomnum flota minni og stærri flugvéla. Fjórar 50 sæta Fokker 50 flugvélar, sem smíðaðar voru árið 1992,

munu þjóna á öllum stærstu leiðum milli Reykjavíkur og staða á landsbyggðinni og verða staðsettar í Reykjavík. Þrjár 19 sæta Metro flugvélar verða staðsettar á Akureyri og í Reykjavík, tvær 19 sæta Twin Otter flugvélar verða staðsettar á Akureyri og sömuleiðis tvær 9 sæta Chieftain flugvélar. Um 230 manns munu starfa hjá félaginu, 180 í Reykjavík og 50 á landsbyggðinni. Áætluð velta fyrirtækisins á heilu ári er um 1,8 milljarðar króna. Áætlaður farþegafjöldi á heilu ári

er um 300 þúsund farþegar, þar af um 286 þúsund á innanlandsleiðum.

Helstu flugleiðir félagsins frá Reykjavík verða til Akureyrar, Egilsstaða, Ísafjarðar, Vestmannaeyja, Hornarfjarðar, Húsavíkur, Sauðárkróks og Patreksfjarðar og frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar, Kópaskers, Raufarhafnar, Vopnafjarðar, Ísafjarðar og Egilsstaða. Helstu áætlunarstaðir félagsins erlendis eru Færeyjar, Kulusuk og Narsarsuaq á Grænlandi.

Básafell hf., á Ísafirði og Tæknival hf., í samstarfi

Samningur um tölvuvæðingu og tæknipróun

Tæknival hf., og Básafell hf., á Ísafirði hafa gert með sér samstarfsamning um alhliða tölvuvæðingu á starfsemi Básafells og framtíðarþróun á nútíma heildarlausnum fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Er hér um að ræða viðamesta samning sem Tæknival hefur gert til þessa við íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki.

Básafell hf., er stærsta sjávarútvegsfyrirtækið á Vestfjörðum og er jafnframt í hópi tíu öflugustu sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi. Það var stofnað í nóvember á síðasta ári

með sameiningu fimm sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum. Básafell hf., rekur rækjuvinnslu, niðursuðuverksmiðju, frystihús og gerir út þrjá frystitogara og einn ísfisktogara. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 250 og er kvóti fyrirtækisins um 10 þúsund þorskígildistonn. Í frétt frá fyrirtækjunum segir að sameining fyrirtækjanna hefði kallað á nýjan og fullkominn tölvubúnað og upplýsingakerfi. Starfsemi Básafells fer fram í fjórum húsum og eru þau tengd saman með ljósleiðara

þannig að allt fyrirtækið er samstillt á einu tölvuneti. Að dómi forsvarsmanna Básafells var Tæknival eina fyrirtækið sem bauð upp á heildarlausn, sem fól í sér að allir þættir tölvuvæðingarinnar væru á einni hendi, og réð það mestu um að samningar milli þessara aðila náðust. Nú þegar hefur verið skipt um allar tölvur, upplýsingakerfið Hafdis hefur verið sett upp fyrir framleiðslustýringu, gæðaeftirlit og birgðastýringu og Concorde XAL fyrir fjárhagsbókhald. Tæknival mun einnig annast alla þjónustu sem



Frá undirritun samningsins á milli Tæknivals og Básafells. Arnar Kristinsson, framkvæmdastjóri Básafells og Rúnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Tæknivals með penna í hönd en fyrir aftan þá standa þeir Ragnar Guðmundsson, fjármálastjóri Básafells og Bjarni Hákonarson frá Tæknivali.

tölvukerfi Básafells þarf á að halda og síðast en ekki síst munu fyrirtækin vinna saman, á grundvelli

ítarlegrar þarfagreiningar, að frekari þróun á þeim lausnum sem nú er byggt á. Básafell verður þannig

virkur þátttakandi í framtíðarþróun Hafdisar.

Bolungarvík

Mokveiði á línuna

Mjög góður afli hefur fengist á línu það sem af er árinu þ.e.a.s. þegar gefið hefur. Guðný ÍS-266, frá Bolungarvík, aflaði mjög vel í janúar og var meðalafli í róðri um 10 tonn og muna menn vart eftir jafngóðum afla hin seinni ár. Laugardaginn 1. febrúar landaði Guðný 18 tonnum og mánudaginn 3. febrúar var aflinn 22 tonn á 48 bala sem þýðir tæplega 460 kíló á bala. Um þessar mundir eru fjórtíu ár liðin frá því að skipið, sem þá hét Sunnutindur, kom nýtt til

landsins og má því segja að þessi góði afli sé einkonar afmælisgjöf í tilefni þessara tímamóta. Skipstjóri í þessum róðrum var Guðjón Kristjánsson sem leysti Jón Pétursson af, en Jón hefur verið skipstjóri á Guðný í 23 ár.

Línuskipum hefur farið fækkandi á Vestfjörðum og mun Guðný nú vera eini línubáturinn sem gerður er út á landröðra frá Vestfjörðum. Ástæður fyrir fækkun línuskipa telja margir vera afnámslínutvöföldunar þar sem þar með

hafi hvati útgerðarmanna til að stunda línuútgerð horfið og þeir kosið að selja skip sín frekar en að stunda kostnaðarsamar veiðar með takmarkaðar veiðiheimildir. Eigendur Guðnýjar, þeir Finnþó og Flosi Jakobsynir, eru þó ekkert á þeim buxunum að hætta línuútgerðinni og telja að með henni fái besta hráefnið fyrir fiskvinnslu sína, og auk þess gefi línan færi á að sækja í aðrar tegundir, eins og steinbít, sem efiðara er að sækja með öðrum veiðarfærum. Steinbítiskvóti Guðnýj-



Frá Bolungarvíkurhöfn.

ar er þó ekki mjög mikill miðað við að hún er það skip sem veitt hefur hvað mestan steinbít við strendur Íslands, en það kemur til af því að þegar kvóti var settur á steinbít, þá var

úthlutunin miðuð við þrjú síðustu árin þar á undan en skipið hafði verið frá mestan hluta eins viðmiðunarársins og þess vegna varð úthlutaður kvóti minni en efni stóðu til.

Að sögn Finnþóga Jakobs-sonar, útgerðarmanns, hafði verið farinn einn róður á steinbítismið á Guðný og var aflinn tæpt tonn.

Hvað kemur yngismær úr Kópavogi, sem allíð hefur alla sinn aldur á mölinni, til að flytjast til Vestfjarða og gerast húsfreyja á sveitabæ? Þessari spurningu ásamt fleirum svarar Guðrún Stella Gissurardóttir í opnuviðtali að þessu sinni. Guðrún Stella býr ásamt sam-býlismanni sínum, Jóhanni Hannibalssyni, að Hanhóli í Syðridal í Bolungarvík og starfar sem kennari við Grunn-skóla Bolungarvíkur. Tilgangur komu hennar vestur á firði var reyndar að gerast skóla-stjóri við Holtsskóla í Önundar-firði en örlögin höguðu því þannig að eftir tveggja ára dvöl að Holti var hún orðin húsfreyja að Hanhóli. Guðrún Stella er virkur þátttakandi í ýmskonar félagsstarfi og lætur til sín taka á mörgum sviðum þ.a.m. póli-tík, en hún kemur frá heimili þar sem pólitísk og þjóðfélags-leg málefni voru rædd og útkljáð yfir matnum. Hún segir að það sé meðal annars orsök fyrir að margir hafi á tilfinningunni að hún vilji alltaf hafa orðið í samræðum, því hún hafi vanist að þurfa hafa fyrir því að fá orðið á heimilinu.

Guðrún Stella er fædd í Reykjavík 9. apríl 1962, dóttir hjónanna Gissurar Jörundar Kristinssonar og Ástu Hannes-dóttur. Hún er yngst fjögurra systkina en þau eru auk Guð-rúnar; Salvör Kristjana, við-skiptafræðingur og lektor í tölvufræði við Kennaraháskóla Íslands, Kristinn Dagur, versl-unarmaður í Kópavogi og Hannes Hólmsteinn, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Faðir Guðrúnar, sem nú er látinn, var húsamiður og framkvæmdastjóri Verka-mannabústaðanna í Kópavogi en móðir hennar, sem nú er ný hætt störfum, var kennari til margra ára, síðast í Breiðholts-skóla.

Rekur ættir til Vestfjarða

Æskuár sín átti Guðrún Stella í Reykjavík og Kópavogi en ættir sínar rekur hún bæði norður á land og til Vestfjarða. Móðurættir Guðrúnar eru í Húnavatnssýslum en hún er af hinu þekktu Guðlaugsstaðakyni. Amma hennar og afi eru þau Hólmfríður Jónsdóttir og Hannes Pálsson, bændur á Undirfelli en Hannes er bróðir Björns, þingmanns frá Löngumýri og Huldu frá Höllustöðum, móður Páls Péturssonar, félagsmálaráðherra. Afi Guð-rúnar í föðurætt er Kristinn Guðbjartsson en hann var sonur Guðbjarts Péturssonar, bónda frá Sléttu í Aðalvík og Krist-jönu Kristjánsdóttur, yfirsetu-konu frá Sútarabúðum í Grunnavík. Kona Kristins, Salvör Gissurardóttir, organísti var hinsvegar ættuð frá Þóru-stöðum og Hvoli í Ölfusi. „Afi fluttist ungur með foreldrum sínum til Bolungarvíkur frá Jökulfjörðum og síðar til Reykjavíkur. Hann var í útgerð og gerði um skeið út vélbátinn Jón Þorláksson ásamt öðrum”.

Heimilislífið einkenndist af pólitík

Guðrún Stella segir að þegar hún var að alast upp hafi heimilislífið einkenst mjög af póli-tík og að mikil umræða hafi átt



Purfti að berjast fyrir að fá orðið á heimilinu

sér stað um hin ýmsu þjóðfélagsmál. „Það var oft ansi heitt í kolunum og ég veit að ef vinir mínir væru spurðir þá myndu þeir segja að það hafi oft verið mikið fjör, miklar umræður og mikið rifist. Það kom örugglega mörgum spáskt fyrir sjónir, sérstaklega þeim sem komu frá tiltölulega rólegum heimilum, hvað skoðanaskiptin voru mikil og áköf. Ástæðan var sú að allir á heimilinu voru mikið þenkjandi um þjóðfélagsmál og alls ekki alltaf á sömu skoðun. Þetta var svo sem allt í mesta bróðerni en umræðurnar voru oft á tíðum æði snarpar. Í samræðum finnst mörgu fólki að ég sé ansi frek á orðið og ég held að það sé fyrst og fremst tilkomið af því, að maður þurfti að berjast fyrir að fá orðið á heimilinu.“

Rótæk sem unglingur

En var þá Guðrún Stella farin að aðhyllast einhvern ákveðinn stjórnmálaflokk strax á æsku-árum og þá kannski fyrir tilstuðlan foreldra sinna eða bróður síns, Hannesar Hólmsteins? „Hannes var búinn að móta sér sínar skoðanir þegar ég fæðist og hann hefur einhverstaðar sagt; að hann hafi byrjað að bera út Tímann og síðan Morgunblaðið og hafi orðið sjálfstæðismaður af því á níunda eða tíunda ári. Hann varð sem sagt snemma mjög eindreginn sjálfstæðismaður og ég man að hann reyndi með öllum ráðum að fá mig til að ganga í Sjálfstæðisflokkinn. Ég streitist á móti og þóttist lengi vel vera mjög róttæk sem

unglingur, en var þó gengin í ungliðahreyfingu Sjálfstæðis-flokksins um 18 ára aldur. Ég hafði þá farið til austantjalds-landanna, m.a. Búlgaríu, og orðið vitni að örbirgðinni þar og sjálf sagt hefur það haft áhrif á mig vegna þess að skoðanir mínar voru að móta á þessum árum. Hvort sem ég gerðist sjálfstæðismaður vegna áhrifa frá Hannesi eða einhverju öðru í mínu lífi get ég ekki sagt um, en það var örugglega ekki vegna áhrifa frá foreldrum mínum. Mamma er nefnilega eindreginn framsóknarmaður, komin af miklu framsóknar-fólki. Faðir minn var hins vegar vinstri maður og var flokks-bundinn í Alþýðubandalaginu. Ég man eftir að það gerðist í einum sveitarstjórnarkosningum í Kópavogi að ég var í

framboði fyrir Sjálfstæðis-flokkinn, móðir mín fyrir Framsóknarflokkinn og pabbi var í stjórn Alþýðubanda-lagsins, þannig að það var óvenju heitt í kolunum það árið. Nú, til að fullkomna flóruna þá hefur Salvör systir mín fylgt Kvinnalistanum að málum og tekið virkan þátt í störfum hans. Kristinn bróðir hefur hvað minnst haft sig í frammi á stjórnmálasviðinu en ég held að hann hneigist svona frekar til hægri”.

Ferðabaktería og nám

Guðrún Stella stundaði nám í Digranesskóla í Kópavogi og síðan Vígólaskóla, þaðan sem hún lauk grunnskólaprófi. „Eftir grunnskóla fór ég að vinna, eignaðist einhverja pen-

inga og upp frá því kom í mig svona ferðabaktería, eins og oft er á þessum árum og ég fór á flakk um heiminn. Þetta voru yfirleitt stuttar ferðir m.a. til Búlgaríu og Júgóslavíu en þegar ég var 17 ára gerðist ég barnfóstra í Luxemborg. Þegar ég kom heim aftur fór ég í kvöldskóla en kláraði síðan stúdentspróf frá Menntaskól-anum í Kópavogi 1986. Ég eignaðist dóttur mína, Ástu Björg, í janúar sama ár sem ég útskrifaðist, en ákvað engu að síður að demba mér í lögfræði í Háskóla Íslands þá um haustið. Ég tók tvö ár þar en ákvað síðan að söðla um og í stað þess að halda áfram í lögfræð-inni þá fór ég í Kennaraháskól-ann og kláraði hann 1992. Það hafði alltaf blundað í mér að verða kennari en fjórir af sex fjölskyldumeðlimum eru kenn-arar. Lág laun kennara gerðu það þó að verkum að ég byrjaði í lögfræðinni. “

Örlögin leiddu mig vestur

Þar með er kannski komin ástæðan fyrir að Guðrún Stella fluttist vestur á firði - eða hvað? „Það voru eiginlega örlögin sem leiddu mig hingað vestur. Það atvikaðist þannig að ég var stödd í vinnu minni hjá Flugleiðum, þar sem ég starfaði við farmiðasölu, og varð það á að hringja í vitlaust símanúmer. Í símann kom bóndakona í Önundarfirði. Einhverra hluta vegna taldi hún mig vera kennara sem væri að hringja út af skólastjórastöðu sem hafði verið auglýst. Ég man að ég hló við og sagði konunni að ég væri reyndar kennari en ég væri að hringja í vitlaust númer. Svo fór nú að við höldum spjallinu áfram og það kom í ljós að konan var formaður skóla-nefndar Holtsskóla í Önundar-firði. Áður en ég vissi af þá hafði hún fengið mig til að senda umsókn um stöðu skóla-stjóra Holtsskóla sem ég og gerði. Það er engum blöðum um það að fletta að ég fékk stöðuna eftir stutta heimsókn vestur, þar sem ég hreint féll fyrir fegurð Önundarfjarðar og hlýju viðmóti fólksins sem þar býr. Ég hóf síðan starf sem skólastjóri Holtsskóla haustið 1992. Holtsskóli er lítill sveita-skóli sem stendur í yndislegu umhverfi sem hefur upp á mjög margt að bjóða. Þarna er mjög fallegt og margt hægt að gera og þegar ég hugsu til baka þá finnst mér það einstakt hvað t.d. foreldrarnir voru tilbúnir til að ljá skólanum lið í svo mörgu, bæði í sambandi við félagsmál og aðbúnað skól-ans.“

Á Rússajappa í vestfirskri ófærð

Guðrúnu Stellu, sem hafði aldrei búið út á landi, fannst mikil upplifun fólgin í þessari nýju reynslu vegna erfiðleika sem fylgdu vestfirsku veðurfari og búsetu í sveit. „Það var oft mikil ófærð eftir að ég kom vestur og veturnir erfiðir hvað snjóalög varðaði. Það þurfti að kosta heilmiklu til, til að koma börnunum til og frá skóla og aðdáunarvert hvað foreldrar voru duglegir að ferja þau á vélsleðum til og frá skóla, en oft hafðist ekki af að opna vegi



Guðrún Stella ársögumul ásamt systkinum sínum, Hannesi Hólmsteini, Salvöru Kristjönu og Kristni Degi.

áður en kennsla hófst. Nú, búsetu í sveit fylgdi mikil aðlögun. Ég held að ég hafi ekki verið fyrir vestan lengur en í viku þegar mér varð ljóst að ég þyrfti að skipta um bíl. Ég varð því að sjá á eftir sjálfskipta ameríska bílnum mínum og fjárfesta í rússneskum jeppa á nýnelgdum snjódekkjum síðla sumars að því mér fannst. Þá man ég hvað mér fannst það spaugilegt að þurfa að farga ruslinu sjálf. Ég var dauðhrædd um að kveikja einhversstaðar í þegar ég var að bardúsa við að brenna það”

Bændasamfélagið

Guðrún Stella segir að ekki hafi verið hjá því komist að taka þátt í hinum ýmsu félagsmálum í þessu litla samfélagi. „Í litlu samfélagi er maður með í öllu og áður en ég vissi af var ég gengin í kvenfélagið og saumaklúbbinn og vegna þess að ég bjó í grunnskólanum, sem einnig er félagsheimili, varð maður þátttakandi í félagslífinu að meira og minna leiti. Þetta var í sjálfu sér mjög gott fyrir mig, sem var ný, að geta kynnt fólkinu fljótlega með þessu móti.“

Það er sem sagt ekkert erfitt að kynna fólkinu á landsbyggðinni? „Það er mjög auðvelt að komast inn í svona lítið samfélag. Þetta er bændasamfélag þar sem býr mjög opið og jákvætt fólk, þannig að það var engum vandkvæðum bundið að kynna því og verða hluti af því.“

Ást við fyrstu sýn

En Guðrún hafði ekki búið lengi hér fyrir vestan þegar inn í líf hennar kom maður sem átti eftir að hafa varanleg áhrif á nánustu framtíð. Hvernig kom það til? „Ég segi ekki að

ég hafi hitt Jóa fyrsta daginn, en það var allt að því. Það kom nú bara þannig til að ég fór, eins og svo margir Íslendingar, á ball þar sem ég hitti Jóa, það var ást við fyrstu sýn. Upp frá þessu fórum við að hittast, en þar sem Jóa bjó á Hanhóli í Syðridal í Bolungarvík þá var það oft miklum erfiðleikum bundið vegna þess farartálma sem Breiðadalsheiðin var. En heiðin varð samt til þess að við vorum fljótari að kynna en ella því að ég lenti í því, í einni af mínum fyrstu heimsóknum til Jóa, að verða veðurteppt hjá honum í nokkra daga sem varð aftur til þess að við höfðum nógan tíma til að spjalla og kynna. Það gekk hins vegar oft mikið á við að komast yfir heiðina til að hitta Jóa og ég hugsa að sveitungar mínir í Öndarfirði hafi oft verið orðlausir þegar ég var að fara yfir Breiðadalsheiðina á vél-sleða í misjöfnum veðrum. Þetta hefur, eftir á að hyggja, verið ívið djarft og sjálfsgætt hef ég ekki gert mér grein fyrir þeim hættum sem fólgnar eru í svona ferðalögum.“

Sá eftir skólastjórastarfinu

Guðrún Stella og Jóhann ákváðu að slá saman reitum sínum og hófu þau búskap saman að Hanhóli vorið 1994. En var ekki erfitt að sjá á bak skólastjórastarfinu? „Okkur langaði auðvitað að fara að búa en Jóa, sem bóndi með sitt bú, var náttúrulega ekki mjög flytjanlegur og í þetta skiptið varð ég að láta í minni pokann. Ég gerði það reyndar með trega því ég saknaði mjög sveitunganna og starfsins sem mér fannst mjög skemmtilegt og sá mikið eftir því, en það er nú svo að stundum verður maður

að hrökkva eða stökkva.“

Þegar hér var komið sögu kom húsbóndinn inn frá gegningum og kastaði kveðju á blaðamann. Jóhann kvaðst ekki hafa tíma til að setjast niður og spjalla vegna þess að hann væri að fara á námskeið á Ísafirði vegna starfs síns en hann er snjóathugunarmaður Bolungarvíkurkaupstaðar. Aðspurður um hvort ekki væri lítið að gera við eftirlitsstörfin á svona snjóléttum vetri sagði Jóhann, að í ýmsu væri að snúast og sinna þyrfti t.d. reglulegum mælingum. Við svo búið fór Jóhann að gera sig kláran fyrir námskeiðið en spjallið við Guðrúnu Stellu hélt áfram og hún var beðin um að segja aðeins frá fyrstu viðbrögðum sínum þegar hún fluttist að Hanhóli. „Þegar ég kynntist Jóhanni og uppgötvaði að hann ætti 14 systkini þá brá mér heldur betur í brún og sá fram á að erfitt myndi reynast að læra og muna öll þessi nöfn. Þetta

kom auðvitað fljótt þegar ég fór að kynna fólkinu, en sem sagt, með þessum kynnum við Jóhann þá eignaðist ég nú mágkonur og fimm mága. Jóa tók formlega við búinu af föður sínum Hannibal Guðmundssyni, sem nú er látinn, 1992 en hafði rekið búið fyrir hann í veikindum hans um nokkurra ára skeið en móðir Jóhanns, Þorsteina Jónsdóttir, sem er á níraðisaldri, býr hér hjá okkur“.

Búskapurinn

Varð þá Guðrún Stella hagnöfn bóndakona á einni nóttu? „Nei, ég segi það nú ekki. Ég tek að hluta til þátt í búskapnum og veit um hvað þetta snýst en ég hef reyndar alltaf verið að vinna aðra vinnu sem kennari við Grunnskóla Bolungarvíkur. Ég dreif mig samt á vélavinnunámskeið í fyrravor svo ég væri fullnuma ef til þess kæmi að við tækjum að okkur verkefni

fyrir aðra í sambandi við heyskap. Við höfum, eins og margir bændur, verið að rúlla hey fyrir aðra þannig að það er betra að hafa lögin og reglurnar sín megin. Ég hef hinsvegar tekið svolitíð þátt í félagsmálum bænda, er formaður atvinnu- og félagsmálanefndar og endurskoðandi Búnaðarsambands Vestfjarða.“

Staða landbúnaðarins slæm

En hvað um landbúnaðarmálin almennt og stefnu stjórnvalda í þeim efnum. Erum við á réttri leið í þeim málum? „Óneitanlega hefur maður farið að kynna sér þessi mál enda er staða landbúnaðarins mjög slæm í dag. Margir bændur hreinlega hokra og geta ekki annað vegna þess að þeir geta t.d. ekki sótt vinnu utan býlisins þegar um langan og torfæran veg er að fara. Þeir geta heldur

ekki hætt búskap og farið, því eigur þeirra; jarðir, íbúðarhús og annað eru verðlausar og eins er erfitt fyrir marga, sem e.t.v. eru komnir yfir miðjan aldur, að hasla sér völl á nýjum starfsvettvangi. Ég held að það sé svolitill miskilningur ríkjandi hvað varðar niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum. Fólk heldur að niðurgreiðslurnar fari beint til bænda en í raun er þarna um að ræða niðurgreiðslur á matvörum til neytenda. Í þessu felst, að í raun er ekki verið aðstoða bændur, þótt auðvitað sé þetta trygging að vissu leyti, heldur er verið að lækka verð til neytenda. Ég held að svolitillar skammsýni gæti hjá fólki í sambandi við landbúnaðarmálin.

Ísland sem hágæða afurðasvæði

Það eru uppi hugmyndir um aukinn innflutning, en það er



Nemendur Holtsskóla ásamt skólastjóra á 50 ára afmæli lýðveldisins.

Grípum tækifærin greitt

Á dögunum átti ég þess kost að heimsækja miðfirði Austfjarða með stjórn Bygðastofnunar. Erindið var að ljúka við og skila af sér miklu verki sem unnið hefur verið við gerð svæðisbundinnar byggðaáætlunar. Þetta var lærdómsrík og ánægjuleg ferð, enda mikið um að vera á þessum slóðum. Eins og alkunna er, hafa umsvif á þessum slóðum aukist mikið í kjölfar vaxandi veiði uppsjávarfiska, loðnu og síldar. Það leyndi sér heldur ekki hvar sem komið var. Hvarvetna gat á að líta merki uppbyggingar í atvinnulífinu og talsmenn þess voru almennt bjartsýnir á framhaldið, hvað reksturinn áhræði.

Ástæður fólksfjölgunar?

Hitt vakti hins vegar

„Í stað þess að flytja heilar stofnanir út á land, sem þó er eðlilegt og nauðsynlegt, er ekki síður ástæða til þess að hyggja að því fyrir einstaklinga að verða sér úti um verkefni sem nú eru unnin í stofnunum í Reykjavík.“

undrun að þrátt fyrir þetta gera byggðarlögin á þessum slóðum ekki meira en að halda í horfinu hvað íbúafjöldi áhrærir. Á Neskaupstað, Reyðarfirði og Eskifirði fjölgar ekki íbúunum, þrátt fyrir mikla vinnu og góða tekjumöguleika. Á sama tíma sjáum við fólksfjölgun verða á Egilsstöðum, þar sem menn njóta ekki með sama hætti tekjuaukans í sjávarútveginum. Þessar staðreyndir eru vissulega athyglisverðar, en verða hins vegar ekki útskýrðar með svo einföldum hætti.

Allavega er ljóst að mikil

og góð vinna ein og sér dugir ekki til þess að efla byggðirnar. Þar þarf bersýnilega fleira að koma til. Þarna virðist það kristallast að vonlaust er að styrkja byggðapróunina nema okkur takist að auka þjónustu, jafnt opinbera sem aðra og tryggja afþreyingu af margvíslegu tagi. Fjölbreyni og margbreytileiki virðast vera lykilhugtökin í byggðamálunum.

Miklar breytingar

Miklar breytingar eru að verða og munu verða á næstu árum hér á landi. Nýjar aðstæður, breytt tækni og önnur viðhorf munu kalla á endurmat okkar. Enginn vafi er á því að verulega breyting verður á starfs-umhverfi atvinnulífsins og hinnar opinberu þjónustu. Öllum breytingum fylgir röskun en samfara þeim

Þingmaðurinn skrifar

verða til tækifæri, sem nauðsynlegt er að grípa. Þeir sem ekki taka þátt í þessum breytingum verða ofur-einfaldlega eftir, staðna og dragast aftur úr.

Tækifærin liggja í breytingunum

Þessi mál komu meðal annars til tals á ferð okkar fyrir austan. Þar um slóðir hafa menn vígbúið vel með stofnun atvinnuþróunarfélags og eru þessa stundina að efla atvinnuþróunarstarf sitt, eins og nú er unnið að, sem bestur fer, hér á Vestfjörðum líka. Fyrir frumkvæði tveggja heimamanna hefur lítil verkfræðistofa á Reyðarfirði vaxið gríðarlega og var með sautján háskóla-

menntaða menn í starfi á síðastliðnu sumri.

Þar sannaðist áþreifanlega að möguleikamir eru margvíslegir, einnig úti á landi, ef við erum dugleg að nýta okkur þá. Einmitt kom það fram í máli þessara manna að tækifærin liggja ekki síst í þeim umbrotum sem eru að verða í opinberri þjónustu. Þau störf sem áður voru óhjákvæmilega unnin á vegum hins opinbera, má auðveldlega flytja til einkaaðila, meðal annars út um landið. Í stað þess að flytja heilar stofnanir út á land, sem þó er eðlilegt og nauðsynlegt, er ekki síður ástæða til þess að hyggja að því fyrir einstaklinga að verða sér úti um verkefni sem nú eru unnin í stofnunum í



Einar K. Guðfinnsson.

Reykjavík.

Nærtækt dæmi um slíkt er auðvitað eftirlitsiðnaðurinn. Þróun í þeim málum er bersýnilega sú að æ minni hluti þeirra starfa verður unnin af hinu opinbera. Í því felast sannarlega möguleikar. Breytingum í rafmagnseftirliti, fjarskiptaeftirliti, eftirliti með skipum og fiskvinnslu eigum við að snúa okkur í hag. Þar er verk að vinna og tækifæri sem við þurfum að grípa.

Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður.

nú þannig að það þarf að vera ákveðinn greiðslujöfnuður við útlönd. Fólki gerir sér ekki grein fyrir, að í raun flytjum við geysilega mikið inn af landbúnaðarvörum t.d. allt þetta grænmeti, kornvöru o.s.frv. Við framleiðum í sjálfu sér mjög lítið á móti því sem við flytjum inn. Við erum að reyna að framleiða hluta af landbúnaðarvörum sjálf og ég held að það væri mjög mikið óheillaráð ef við hættum því og færum að flytja þetta allt inn.

Við lifum í hreinu og góðu umhverfi sem hentar vel til að ala skepnur og vinna sjávarafurðir þannig að ég held að við þurfum að gera miklu meira til að markaðssetja Ísland sem hágæða afurðasvæði. Ég heyrði til dæmis í útvarpinu áðan að kúariða væri komin upp í Þýskalandi og að ráðamenn og almenningur þar væri skelfingu lostinn. Við búum að vissu leyti vel að einangruninni og ég er ekki tilbúin til að fórna þeirri sérstöðu þrátt fyrir að ég skilji kröfurnar um lægra verð neysluvöru. Ef við flytjum inn alla landbúnaðarvöru, þá verðum við að fá eitthvað annað í staðinn - við getum ekki klippt út þennan atvinnurekstur án þess að eitthvað annað komi á móti.

Auðvitað er ýmislegt að í íslenskum landbúnaði en það er ekki endinlega bara við bændur að sakast, heldur hafa stjórnvöld kannski verið of mikið með fingurna í þessum atvinnugeira og því er komið sem er. Það er hinsvegar erfitt að brjótast út úr þessu kerfi eins og kvótakerfinu í sjávarútvegnum þar sem uppi eru háværar raddir um að kvótanum verði skilað til baka til eigendanna, þ.e.a.s. íslensku þjóðarinnar. Sjáfsagt er nauðsynlegt að breyta þessum kerfum báðum, en það er erfitt og krefst mikilla fórna af mörgum.“

Fjarnámið gæfuspor fyrir landsbyggðina

Guðrún Stella er bekkjar-kennari 5. bekkis Grunnskóla Bolungarvíkur en hefur einnig kennt öðrum bekkjardeildum s.s. mynd- og handmennt og raungreinar. Hún kveðst nokkuð ánægð með starfið þótt óneitanlega sakni hún stjórnunarstöðunnar í Holti. „Ég hef gaman af skipulagningu og stjórnun og var, áður en ég kom vestur, að búa mig undir að fara í framhaldsnám til Bandaríkjanna í public administration eða stjórnsýslufræði. Örlögin höguðu því svo þannig að ég lenti hér. Reyndar er ég byrjuð í mastersnámi í stjórnunarfræði í Kennaraháskólunum og stunda það nám með hjálp svokallaðs fjarnáms.“

Fjarnámið er mikið gæfuspor og þá sérstaklega fyrir landsbyggðina vegna þess að þar er nemandinn óháður búsetu og getur stundað námið hvar sem hann er staddur á landinu með hjálp tölvu og mótalds. Ég fer reyndar á mis við hið akademíska umhverfi og persónuleg samskipti við aðra nemendur, en þetta er kostur sem dreifbýlinu býðst. Ég tók þessum kosti fegins hendi en það þarf mikla ögun til að stunda nám svona einn og sér.“

Guðrún Stella tekur þátt í störfum margra félaga og er formaður Sjálfstæðiskvennafélags Bolungarvíkur og Skógræktarfélag Bolungarvíkur sem nýlega var lífgað við eftir áralangan þyrnirósarsvefn. „Við þurfum að gera átak í að fegra nánasta umhverfi með skógrækt. Með ræktun trjáa sköpum við okkur einnig skjól. Segja má að í þessu sé falin n.k. byggðastefna, að gera umhverfið þannig að það laði að fólk til búsetu“

Einhæft atvinnulíf ein ástæða fólksfækkunar

„Eitt af því sem ég er hvað ánægðust með, er að hafa tekið þátt í að stofna áhugahóp um atvinnumál kvenna sem beitti sér fyrir átaksverkefni sem hlaut nafnið Snerpa. Ég var varaformaður stjórnar þessa átaksverkefnis sem er upphafið að stofnun Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða sem var stofnað s.l. haust.“

Ég er mjög ánægð með að Atvinnuþróunarfélagið skyldi stofnað því að þó ég geri mér grein fyrir mikilvægi sjávarútvegsins, þá finnst mér oft að of mikið sé einblínt á hann - það þurfa að koma til önnur og fjölbreyttari störf. Einhæfni í atvinnu er ein ástæða fólksfækkunar á Vestfjörðum - það er nóg atvinna hér víða, en það er bara nóg af vissri atvinnu. Ég bind vonir við að með stofnun Atvinnuþróunarfélagsins náum við að fjölga störfum í fleiri atvinnugreinum, þannig gerum við svæðið byggilegra.

Landbúnaðurinn hluti nauðsynlegrar fjölbreytni

Ég vil taka landbúnaðinn



Guðrún Stella og Jóhann Hannibalsson.

sem dæmi um atvinnugrein sem við verðum að halda í vegna þess að hann, og greinar tengdar honum, er hluti af þeirri fjölbreytni sem þarf að vera til staðar. Vestfirðir eru kjörnir til sauðfjárræktar og eru í raun vanbeittir á meðan önnur svæði landsins eru stórlega ofbeitt sem leiðir til kostnaðarsamra aðgerða við uppgæðslu. Ég held að við þurfum að halda þessu mjög á lofti. Landbúnaðarsvæðin tengja líka saman þéttbýliskjarnana, án þeirra væri mun lengra á milli þorpa og bæja.

Ferðamálin eru annar þáttur sem ég horfi mjög til og ég held að þar liggja margir framtíðarmöguleikar sem geta nýst okkur með skipulagningu og rétttri þjónustu við ferðamenn. Einnig er vel hægt að hugsa sér

að við förum að fordæmi t.d. Eyfirðinga og kaupum atvinnufyrirtæki í iðnaði til svæðisins og það gæti verið eitt verkefna Atvinnuþróunarfélagsins að kanna möguleika á slíku.“

Guðrún Stella segir að erfíðara hafi verið að komast inn í samfélagið í Bolungarvík en það var á sínum tíma að komast inn í bændasamfélagið í Öndarfirði. „Hérna er þetta auðvitað stærra og það er mikið um stórfjölskyldur þar sem fólk heldur sér mikið saman og út af fyrir sig. Fólk tekur manni þó yfirleitt ákaflega vel. Það vill nú svo skemmtilega til að ég hef nýlega uppgötvad að ég á fullt af frændfólki hér í Víkinni þó fjarskylt sé, til að mynda börn og systkinabörn Elísabetar Hjaltadóttur, eigin konu Einars gamla Guðfinns-

sonar“.

Sorg og samhugur

Þegar sorgin knúði dyra hjá þeim Guðrúnu Stellu og Jóhanni áttu þau eftir að kynna því, hvað samhugur fólks getur verið mikill þegar eitthvað bjatar á. „Við urðum fyrir því áfalli, 5. mars á síðasta ári, að eignast andvana fætt stúlubarn. Ég var gengin tvær vikur fram yfir hefðbundinn meðgöngutíma þegar ég hætti að finna fyrir hreyfingum barnsins og var ég flutt með sjúkraflugvél til Reykjavíkur. Þar fæddi ég andvana stúlubarn, en ég hef ekki enn fengið skýringu á af hverju það gerðist. Þetta var falleg, stór og myndarleg stúlka. Við nefndum hana og hlaut hún nafnið Ósk Jóhannsdóttir og er hún jörðuð hérna í kirkjugarðinum í Bolungarvík.“

Þetta var mikið óskabarn, eins og nafnið gefur til kynna og því mikið áfall fyrir okkur. Jóhann er mikill barnamaður og hefur haft mörg börn í sveit í gegnum tíðina sem hafa hænst mjög að honum þannig að ég veit að hann verður alveg einstakur faðir sem hann og er fósturdóttur sinni. Þetta áfall leiddi af sér mikla eftirsjá og sorg en ég get ekki sagt að ég hafi fyllst reiði. Þrátt fyrir allt þá gaf þetta manni heilmikið - maður átti þarna níu yndislega mánuði þar sem við áttum nýtt líf í vændum. Þetta sýnir og segir manni, að maður stjórnar svo sannarlega ekki öllu í heimi hér.“ Guðrún Stella upplýsir að hún og Jóhann eigi nú aftur von á barni og því fylgi mikil gleði en jafnframt viss kvíði. „Álagið er mikið og ég spyr mig alltaf öðru hvoru hvort ekki sé allt í lagi“.

„Þegar við misstum barnið þá fundum við hvað Bolvíkingar eru hlýtt hugsandi og hvað mikill samhugur þeirra var í okkar garð. Það streymdu hingað blóm, kveður og gjafir, bæði eftir að við komum heim af spítalanum og eins við útförina, þar á meðal frá mörgum sem maður þekkti lítið. Undir svona kringumstæðum verður manni ljóst, hvað það er mikilvægt að finna hvað fólk stendur með manni og styrkir mann í sorginni. Eins var starfsfólk Landsspítalans

einstaklega alúðlegt og studdi mann á margan hátt. Mér fannst aftur á móti erfitt að hitta fólk sem virtist hrætt og feimið við sorgina og fór undan í flæmingi. Maður ætti aldrei að láta hjá líða að senda kveður þeim sem eiga um sárt að binda og reyna að veita þeim stuðning með einhverju móti.“

Neikvæð umræða hefur sálræn áhrif

Guðrún Stella og Jóhann segjast ekkert vera á leiðinni í burtu og slíkt hvarfli ekki að þeim. Hún ætlar að halda áfram sínu stjórnunarnámi og í sameiningu ætla þau að halda áfram að reka sitt bú og styrkja það eins og kostur er hverju sinni. En er Guðrún Stella bjartsýn á framtíðina og möguleika Vestfjarða? „Ég held að við verðum að vera bjartsýn því það eru ýmsir möguleikar fyrir hendi sem við þurfum að læra að nýta okkur.“

Eitt af því sem við getum gert er að markaðssetja Vestfirði á jákvæðan hátt, því umræðan í fjölmiðlum hefur verið svo neikvæð. Neikvæð umræða hefur sálræn áhrif og ég get nefnt sem dæmi; að ég þarf alltaf að vera að réttlæta búsetu mína hérna fyrir vestan fyrir vinum mínum, kunningjum og fjölskyldu, vegna þess að þau hafa ranghugmyndir um hvernig lífið og tilveran gengur fyrir sig hér um slóðir. Hér á allt að vera svo agalegt og það er umhugsunarefni að kannski eru það við sjálf með fréttum héðan sem stuðlum að þessu, með neikvæðum viðhorfum gagnvart svæðinu.“

Ég vil meina að við þurfum að veita athygli því sem vel er farið eins og t.d. að hér er gott að sinna ýmiskonar áhugamálum, skíðaþróttum, vélsleðasporti, golfi o.fl., hér eru grunn-skólarnir frekar litlir en að sama skapi mannlegir og í þeim er kappkostað að börnunum líði vel, hér er gott að ala upp börn. Ég get ekki annað en verið bjartsýn hvað þetta varðar því það er mjög margt sem þetta svæði hefur uppá að bjóða - það þarf bara að finna einhverjar leiðir til að láta fólk vita af því.“



Við smíðakennslu í Holti.

Hagkvæmni í rekstri könnuð með útboði á verkum

Tilboð í verklegar framkvæmdir á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar voru opnuð á þriðjudag í síðustu viku en eins og skýrt hefur verið frá, er ætlun bæjaryfirvalda með útboðinu að kanna hvort hagkvæmara sé að láta óháða aðila sjá um starfsemi þá sem farið hefur fram á vegum áhaldahúss bæjarins. Þeir þættir starfseminnar sem boðin voru út, voru m.a. snjómokstur og almenn vélavinna, hreinsun gatna og gangstétta, viðhald holræsa, sláttur og hirðing opinna svæða og lóða, urðun óbrennanlegs sorps, sorphirða og gámalosun og vatnsveitu- og holræsa-lagnir.

Fimm aðilar buðu í verkþættina, fjórir frá Bolungarvík

og einn frá Ísafirði. Einn tilboðsgjafa bauð í alla verkþætti, Hólsvélur ehf., í Bolungarvík, en aðrir tilboðsgjafar voru Pétur Guðni Einarsson, Löndunarþjónustan í Bolungarvík. Gámaþjónusta Vestfjarða og Sigurgeir Jóhannsson.

Í snjómokstur og almenna vélavinnu buðu Hólsvélur ehf., Sigurgeir Jóhannsson og Pétur Guðni Einarsson. Tilboðin voru sett upp á mismunandi hátt hjá þessum aðilum t.d. hvað varðar samsetningu tækjabúnaðar og er því óhægt um vik með samanburð. Í hreinsun gatna og gangstétta ásamt þrífum buðu Hólsvélur ehf. kr. 936.000,- en kostnaðar-ætlun hljóðaði upp á kr. 800.000,-.

Í viðhald gatna, gangstétta

og kantsteina buðu Hólsvélur ehf. kr. 1.805.000,- og Sigurgeir Jóhannsson kr. 5.371.850,-. Áætlun hljóðaði upp á kr. 1.794.500,-. Í viðhald holræsa buðu Hólsvélur kr. 5.219.400,- og Sigurgeir Jóhannsson kr. 5.014.570,-. Áætlun hljóðaði upp á kr. 4.452.500,-. Í hreinsun holræsa buðu Hólsvélur útselda vinnu á kr. 2.500,-/klst. og búnað til stíflulosunar á kr. 3.000,-/klst. Áætlun hljóðaði upp á útselda vinnu á kr. 1.000,-/klst. og búnað á kr. 800/klst.

Í slátt og hirðingu opinna svæða og lóða buðu Hólsvélur kr. 1.960.000,-. Áætlun hljóðaði upp á kr. 1.800.000,-. Í urðun óbrennanlegs sorps í Hólsgröfju buðu Hólsvélur kr. 2.520.000,- og Sigurgeir Jóhannsson kr. 2.400.000,-. Áætl-

un hljóðaði upp á kr. 500.000,-

Í sorphirðu og gámalosun buðu Hólsvélur kr. 4.429.000,- Pétur G. Einarsson kr. 1.053.360,- en Pétur bauð ekki í einn lið þessa hluta þ.e. sorphirðu í bænum. Löndunarþjónustan bauð kr. 5.089.998,- og Gámaþjónusta Vestfjarða bauð kr. 4.908.425,-. Áætlun hljóðaði upp á kr. 3.560.000,-. Í endurnýjun eldri lagna í dreifikerfi Vatnsveitu Bolungarvíkur buðu Hólsvélur kr. 2.336.295,- og Sigurgeir Jóhannsson kr. 1.901.185,-. Áætlun hljóðaði upp á kr. 1.820.000,-.

Á bæjarráðsfundum í gær átti að fjalla nánar um tilboðin og taka afstöðu til þeirra, en Bolungarvíkurkaupstaður hefur 23 daga frá opnun tilboða til ákvarðanatöku.



Magdalena Sigurðardóttir, formaður kvenfélagsins Óskar, afhendir Jónu Símoníu Bjarnadóttur og Jóhanni Hinriks-syni bækurnar.

Ísafjarðarbær

Fundargerðarbækur afhentar í tilefni 90 ára afmælis

Um þessar mundir eru liðin nítíu ár síðan kvenfélagið Ósk var stofnað. Í tilefni af því afhentu kvenfélagskonur, s.l. fimmtudag, Héraðsskjalasafninu á Ísafirði til varðveislu fundargerðarbækur félagsins frá stofnun þess 1907 til ársins 1966. Jafnframt var skjalasafninu afhent til varðveislu innanfélagsblað Óskar frá því það hóf göngu sína 1919 til ársins 1970. Blaðið sem heitir Hvöt, er í formi handskrifaðra bóka sem innihalda ýmis konar efni. Afhendingin fór fram í Húsmæðraskólanum en kvenfélagið Ósk stofnaði skólann árið 1912 og annaðist rekstur hans til ársins 1941. Til gamans má geta þess að í fyrstu fundargerðarbók félagsins er m.a. að finna skólareglur Húsmæðraskólans. Kvenfélagskonur í Ósk afhentu einnig Bæjar- og héraðsbókasafni Ísafjarðarbæjar nokkrar gamlar bækur sem verið hafa í eigu félagsins lengi.



Frá afhendingu bóka. Hluti stjórnar Óskar ásamt viðtakendum.



Vöruvalshjónin Benedikt Kristjánsson og Kristín Halldórsdóttir ásamt Sigríði Ragnarsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar, og Kristínu Bjarnadóttur, formanni Sjálfsbjargar í Bolungarvík.

Vöruval færir gjafir í tilefni 10 ára afmælis

Tónlistarskólinn og Sjálfsbjörg fengu 100 þúsund krónur hvort

Síðastliðinn laugardag efndu eigendur Vöruvals hf., Benedikt Kristjánsson og fjölskylda, til hófs í tilefni 10 ára afmælis Vöruvals á Ísafirði. Til hófsins, sem haldið var í Víkurbæ í Bolungarvík, var boðið starfsfólki fyrirtækisins, sem nú telur um 35 manns, ásamt vinum, velunnurum og þeim sem tengjast Vöruvali á einhvern hátt.

Ýmsir tóku til máls í hófinu þ.a.m. Benedikt Kristjánsson sem rakti sögu fyrirtækjanna, en Vöruval í Bolungarvík er rekið sem sérstakt félag. Benedikt kvað ýmislegt hafa breyst í rekstrinum í gegnum árin og nefndi sérstaklega hvað tölvur væru orðnar mikilvægar í dag. Hann sagði einnig einkennandi fyrir allar breytingar sem átt hafa sér stað, t.d. varðandi kaup og yfirtöku annarra verslana, hvað allt hafi gengið fljótt og snurðulaust fyrir sig.

Vöruval hefur á undanförunum árum stutt við bakið á ýmsum félögum og félagasamtökum með styrkjum. Fyrir þremur árum rann allur söluhagnaður af burðarpokum, sem seldir voru í verslunum fyrirtækjanna, til uppgræðsluáttaks á Ísafirði og árið eftir til kirkjubyggingarsjóðs Ísafjarðarkirkju. Í tilefni 10 ára afmælisins afhenti Kristín Halldórsdóttir, fyrir hönd Vöruvals, Sigríði Ragnarsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar, 100 þúsund króna peningagjöf til hljóðfærakaupa fyrir skólann. Jafnframt afhenti Kristín formanni Sjálfsbjargar í Bolungarvík, Kristínu Bjarnadóttur, 100 þúsund króna áheit í minningarsjóð foreldra Benedikts, þeirra Ketilríðar Jakobsdóttur og Kristjáns

Júlíussonar. Sjóðurinn er í vörslu Sjálfsbjargar og er ætlað það hlutverk að styrkja fötluð börn í Bolungarvík sem þurfa að leita sér endurhæfingar eða aðhlyningar utan Bolungarvíkur.

Í hófinu lét Heiðar Sigurðsson, í Ljóninu, flakka nokkrar lauffléttar sögur af Benna í Vöruval og tilburðum hans til að útvíkka starfsemi sína. Hann sagði að þótt aðrir vissu það ekki, þá vissi hann að ástæðan fyrir því að Benedikt keypti rekstur VEG í Bolungarvík í desember 1993 hefði verið sú, að hann hafi uppgötvað skömmu fyrir jól að það hafði gleymst að panta jólakonfektíð í Vöruvali á Ísafirði. Nú, Benni hafi komist að því að VEG var búið að kaupa inn konfektíð og því hafi það orðið úr að hann keypti reksturinn. Heiðar sagði einnig frá því að Benedikt hafi í vetur ætlað í Bókhöðuna til að kaupa sér penna en hafi runnið til í hálkunni og endað inn í Björnsbúð. Þegar Benni kom síðan út aftur eftir drjúga stund, þá var hann búinn að kaupa búðina.

Fleiri voru á léttu nótonum í hófinu og kom m.a. fram hjá Kristínu Halldórsdóttur, eiginkonu Benedikts, að Benedikt hafi verið innanbúðarmaður hjá Kittu Summ í Bolungarvík þegar hann var fimmtán ára og launin hafi verið; „töluvert magn af sælgeti.“ Einnig kom fram hjá Kristínu að stundum hafi gengið vel og stundum illa. Þau hafi notið ágættrar fyrirgreiðslu viðskiptabanka síns en hafi jafnframt ávallt reynt að varast að reisa sér burðarás um öxl; „í mesta lagi bætt við einni og einni búð.“



Ísafjarðarbær

Funi í gang aftur

Brennsla sorps hefur nú hafist að nýju í sorpeyðingarstöðinni Funa en stöðin varð óstarfhæf eftir að snjóflóð féll á hana í október 1995. Þar með verður ekki lengur þörf fyrir sorpbrennsluna að Skarfaskeri og verða Hnífsdælingar því vafalaust fegnir, en þeir hafa kvartað töluvert undan mengun frá Skarfaskeri. Fimm manns starfa í Funa sem mun taka við sorpi frá Ísafjarðarbæ, Súðavík og Bolungarvík. Íbúum þessara sveitarfélaga er bent á mikilvægi rétttrar flokkunar sorps, og á leiðbeiningar þess efnis sem eiga að vera til á hverju heimili.



Konur sungu minni karla undir stjórn Siggú Maggýar.

Þorablót Bolvíkinga-félagsins

Laugardaginn 1. febrúar s.l. hélt Bolvíkingafélagið í Reykjavík þorablót sitt í Víkingasal Hótel Loftleiða. Að sögn Sæbjörns Guðfinnssonar, formanns félagsins, mættu um 150 manns til blótsins, sem þótti takast hið besta. Ýmis skemmtiatriði voru á dagskrá, en einna mesta kátínu vakti ræðumaður kvöldsins, Agnar Gunnarsson, en hann þótti fara á kostum í ræðu sinni. Sæbjörn sagði mætingu að vestan hafa verið með minnsta móti og kenndi um að þorablót Bolvíkinga hefði farið fram helgina áður og það hafi dregið úr aðsókn. Honum fannst athugandi að færa þorablót félagsins á aðra helgi á næsta ári til að freista þess að fá fleira fólk að vestan til að mæta.



Nefndarkonur- Katrín Þorkelsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Ásgerður Kristjánsdóttir, Ósk Guðmundsdóttir og María Guðmundsdóttir taka við blómum frá formanni Bolvíkingafélagsins, Sæbirni Guðfinnssyni.



Rösklega tekið undir í fjöldasöng.



Maggý Hannesdóttir og eigenmaður hennar komu á blótið frá Húsavík, einnig á myndinni; Sveinn Jónsson, Kristján Reimarsson, Lilja Magnúsdóttir og Baldvin eigenmaður hennar.



Ræðumaður kvöldsins, Agnar Gunnarsson.

Reykjavík

Þingeyri



Þingeyringar blóta þorra

Þorablót Þingeyringa var haldið s.l. laugardagskvöld í félagsheimilinu á Þingeyri. Um 100 manns mættu til blótsins og fleiri bættust við á dansleik á eftir, þar sem hljómsveitin „Fimm á fati“, frá Bolungarvík, lék fyrir dansi. Að sögn Eddu Ársælsdóttur, formanns þorablótsnefndar, þótti blótið takast vel en ákveðnar hefðir hafa skapast um blótið í gegnum árin sem að sjálfsögðu voru í hávegum hafðar. Þorablótsgestir komu hver með sitt trog og segir Edda að tekið hafi verið upp á því fyrir ári og þyki það gott fyrirkomulag. Fjöldi skemmtiatriða var í boði og vakti Davíð Kristjánsson, umboðmaður Flugleiða, mikla kátínu gesta þegar hann kom fram, klæddur sem kerling, og söng gamalt reviukvæði. Við skulum láta myndirnar tala, en þær tók Edda Ársælsdóttir.



Lögreglan á Ísafirði

Umferðarátak vegna öryggisbeltanotkunar

Undanfarið hefur Lögreglan á Ísafirði staðið fyrir umferðarátaki vegna öryggisbeltanotkunar, með áherslu á búnað barna í bifreiðum. Að sögn Önundar Jónssonar, yfirlögregluþjóns, hafa þessir þættir yfirleitt verið í nokkuð góðu ástandi en lögreglan hefur m.a. vakt að leikskóla með það í huga að athuga hvernig búið er að börnum öryggislega í bílum. Önundur segir að við athugun hafi komið í ljós, að við leikskólann á Flateyri hafi öryggismálum barna í bílum verið hvað verst farið, þar hafi börn í einungis tveimur tilvikum verið spennt í bílstóla en annars hafi þau verið laus og því í raun óvarin. Jafnframt segir Önundur á mælisvert gagnvart foreldrum barna á leikskólanum Eyrarskjóli, hversu ábyrgðarlausir þeir geta verið þegar þeir koma með, eða sækja börn sín í skólann.

„Maður hefur horft á fólk leggja við skólann, öfugt miðað við akstursstefnu og jafnvel skáhallt þversum á gangbrautinni. Síðan fer fólkinn inn og nær í börnin sín og setur þau beltislaus inn í bílana. Það er ekki hægt að kalla þetta annað en hámark kæruleysisins og vanvirðu við lög og reglur. Þetta er auðvitað ekki gott fordæmi fyrir börnin, því að þau taka eftir því sem fram fer, það er engin spurning. Ég vil skora á fólk að gefa þessum málum gaum og laga það sem aflaga fer í notkun bílbelta og öryggisbúnaðar barna í bílum.“

Þakkarorð

Guðmundur Ingi Kristjánsson hafði samband við blaðið og bað um að eftirfarandi ljóð yrði birt, en það eru þakkaorð hans til þeirra sem gerðu honum glaðan dag í tilefni níftu ára afmælis hans þann 15. janúar s.l.

I

Orðlaus sat ég sem áheyrandi
átjanda dag í janúar.
Að þakka þann dag er drjúgur vandi,
svo dásamlegur sem hann var.

Sá fimmtándi var eins og falleg saga,
sem flytur trúnað og heill með sér.
Nú þakka ég öllum þessa daga
og það sem vináttan færði mér.

II

Hjartans þökk fær helgur dagur
höfuðborgar fluttur inn á svið.
Honum veittist hátíðlegur bragur,
hann var einnig tengdur nafn mitt við.

Mér var sýndur margvíslegur sómi
margar stundir sem ég þakka hér.
Ávörp, kvæði, ásamt mörgu blómi
og allar kveðjurnar sem bárust mér.

Guðmundur Ingi Kristjánsson,
skáld Kirkjubóli, Bjarnardal.



ÍSAFJARÐARBÆR

GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Vegna forfalla vantar okkur starfsmann nú þegar til að annast gangavörslu / ræstingu um óákveðinn tíma. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af að vinna með börnum og unglingum. Nánari upplýsingar veita skólustjóri og húsvörður skólans. Umsóknnum skal skilað á skrifstofu skólans á eyðublöðum sem þar fást.

Skólustjóri.

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

PIONEER

THE ART OF ENTERTAINMENT

SHARP

TOMORROW'S EQUIPMENT TODAY

LUXOR

— LIGHT & VISION —

DAEWOO

HOME & OFFICE ESSENTIALS

EINSTAKTI
TÆKIFÆRI!!!

AÐEINS Í NOKKRA DAGA!!!

20% afsláttur
af hljómtækjum
og hljóðfærum

30% afsláttur
af geisladiskum

INTERNET
NÁMSKEIÐ

INTERNETNÁMSKEIÐ
Á LAUGARDÖGUM
FRÁ KL. 13

SKRÁNING
Í VERSLUN

 **VISA ÍSLAND**
raðgreiðslur í 36 mánuði

 **EUROCARD**
raðgreiðslur
TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA

SNERPA

VERSLUN HRANNARGÖTU 2 - SÍMI 456-3072
VERKSTÆÐI SINDRAGÖTU 3 - SÍMI 456-5470

Farandverkamenn bæjarstjórnar?

Meira að segja náttúran hæðist að Patreksfirðingum og Vesturbyggðingum í raunum þeirra. Þegar bæjarstjórnin náði ekki fram því óska takmarki sínu að viðhafa flöskufylleri í félagsheimilinu á Patreksfirði var eins og veðrið undirstrikaði vandræðin og hæddist að öllu saman og þakið fauk af félagsheimilinu.

Lög banna víst að fólk beri með sér sitt eigið brennivín inn á vínveitingastaði. En hvað er ekki á sig leggjandi fyrir blessað kvenfélagið sagði maðurinn og brosti kumpánlega.

Nú hillir undir betri tíð. Bæjarstjórnin fer í fríð og Jón Gauti Jónsson kemur og leysir hann af. Þægilegt fyrirkomulag. Þegar öllu hefur verið komið í hnút og hreinlega klúðrað er vandanum veit á annan. Fyrr á árum var farandverkfólk einkum að störfum í fiskvinnslu, undirstöðu efnahags Íslendinga. Heldur var nú lítið niður á það blessað fólk enda reyndist misjafn sauður í mörgu fé.

En ungt fólk lét sig ekki muna um að búa við þröngan kost í skamman tíma á hverjum stað fyrir uppgrip í tekjum. Svo var haldið heim eða í næstu verstöð ef græða þurfti meira fé.

Lengi hefur verið talið að læti eins og þau sem bæjarstjórnin í Vesturbyggð stendur í við íbúa í bænnum séu merki um hnignun samfélagsins. Ekki skal lagður á það dómur hér. Sagan og framtíðin dæma þessi verk bæjarstjóra og bæjarstjórnar. En heldur er klént að sjá hverja höndina uppi á móti annarri og einföld mál rekin fyrir dómstólana og rekin áfram þar.

Mikið væri nú gott að bæjarstjórnin í Vesturbyggð tæki hliðstæðu sína í Bolungarvík til fyrirmyndar og upphugsaði eitthvað jákvætt. Húsnæðisdómur á ekki lengur við fyrir Vesturbyggð. Hann verður í Bolungarvík. En Stóridómur hefur hvílt sig nokkuð lengi. Mætti vel nota hann til að síða Patreksfirðinga, þótt hinn gamli hafi nú ekki dugað til að hefta kynhvötina fyrir á öldum.

Sennilega munu bæjarstjórn og þegnar hennar stríða hvor við annan þrátt fyrir alla dómstóla. Því sáttfýsi og samvinna eru grunnur góðra samskipta. Deilur fyrir opnum tjöldum vegna mála, sem venjulegt fólk skilur ekki, eru vonlausar og gera lítið úr öllum hlutaðeigandi, en minnst úr bæjarstjórn.

Er ekki til almennilegt fólk á Vestfjörðum?

Þessari spurningu er svarað afdráttarlaust neitandi. Á Vestfjörðum býr margt ágætis fólk í þeim gamla skilningi að ágætt var hástigið á lýsingunni, betra en mjög gott. En þar er auðvitað misjafn sauður í mörgu fé. Tvívegis hefur nú á innan við tveimur árum verið leitað til sama mannsins um að stýra sveitarfélagi í sárum. Í fyrri sinnið var það af völdum náttúruhamfara, en maðurinn tekur náttúrunni fram þegar honum tekst verst upp, svo sem að framan er rakið.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur leitt þessa þróun upp á síðkastið. Bæjarstjóri kom frá Dalvík í kjölfar fallins meirihluta þar. Síðan hefur verið sótt annað eftir yfirmönnum í stjórnsýslu hins nýja Ísafjarðarbæjar. Hvort það er gert til forðast Patreksfjarðar „einkennin“ hefur ekki komið fram. Allt er þetta fólk, sviðsstjórnarnir, án nokkurs vafa hið vænsta fólk. En að sumu leyti eru líkindin með farandverkfólkinu ærin þegar menn flytjast vegna starfa sinna út á land og fjölskyldan fylgir ekki. En þess eru dæmi. Auðvitað má fólk hafa sín einkamál að vild. En íbúar Ísafjarðarbæjar óttast að fólk sem svo er ástatt um staldri ekki lengi við, því miður. Landsbyggðinni er nauðsyn á nýju blóði, nýju fólk, til þess að auðga mannlífið.



Samherjamenn, sem nú gera út Guðbjörgina munu hafa gert áhöfninni ljóst að þeir kysu að skipverjar ættu lögheimili í sveitarfélaginu.

Vegna fjarlægðar frá hinu margrómaða höfuðborgarsvæði og erfíðleika í samgöngum er Ísfirðingum annst um, að þeir sem fyrir bæjarfélagið starfa búi innan marka þess.

Auk þess vekur það athygli að bæjarstjórnarmaður í Bolungarvík skuli vera einn af hæst settu mönnum í stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar. Ekki er verið að kasta rýrð á hann frekar en farandverkfólkið á árum áður og nú. En spurningin er þessi: Hvar liggur trúnaður hans? Er trúnaður hans bundin við bæjarstjórn Bolungarvíkur eða bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar? Í raun er ástæða til að efast enn frekar en um farandverkfólkið. Hann hefur lagt fram tillög um gerbyltingu á stjórnsýslu grunnskólans í Ísafjarðarbæ, sem munu hafa áhrif langt út fyrir bæinn.

Auðvitað má svo draga þetta allt í eitt. Miklu frekar en að nota útsendara ættu sveitarfélögin að sameinast. Hitt er svo annað mál, af hverju fólk vill ekki búa hér fyrir vestan.

Stakkur



Spurningin um það hvort við séum ein í alheiminum eða ekki, hefur verið svarað!



Hvað gerirðu þegar réttarkerfið bregst?

Munið að með einni nýrri þá fylgir ein eldri með frítt!

...Gau, einfaldlega betri.

Vídeó Möllin - við Norðurveg

456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. Mission Impossible
2. The Rock
3. The Truth about...
4. The Quest
5. Fargo
6. Cable Guy
7. Spy Hard
8. Trainspotting
9. Copycat
10. Crying Freeman

http: góðar NETINU

<http://falcon.miamisci.org/hurricane/hurricane0.html>
Fellibylur, hvað er það og hvernig myndast hann? Því ekki að kryfja málið til mergjar.

http://nssdc.gsfc.nasa.gov/photo_gallery/
Hverjum finnst ekki gaman að skoða myndir úr geimnum. Hérna er einn stærsti myndabankinn á því sviði.

<http://www.godek.com/1001.html>
Ertu rómantísk(ur). Ef ekki þá eru hérna eru 1001 rómantísk hollráð í tilefni af Valentínusardeginum.

SPÓLAN TÆKINU



Nothing Personal

Belfast árið 1975. Öflug IRA-sprengja springur inni á krá sem er full af fólk. Þetta gerist á versta tíma því verið er að reyna að semja um frið, en þetta kallar á hefnd og meira blóð í átökum sem kostar þúsundir manna lífið.



Horfur á fimmtudag: Búast má við norðaustan átt, kalda eða stinningskalda með éljum norðanlands og austan en úrkomulítið suðvestanlands. Frost 1-6 stig mest norðanlands.

Horfur á föstudag: Austlæg átt með éljum norðanlands og austan en björtu veðri suðvestan til. Frost um allt land, 1-8 stig mest á Vestfjörðum

Á laugardag snýst vindur í sunnan og síðan í vaxandi suðaustanátt með éljum sunnanlands en úrkomulítið um landið norðanvert. Áfram frost.

Til sölu lítið einbýlishús að Tangagötu 21 á ísafirði. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 456 3881

Til sölu Opel Corsa árg. '84. Verð kr. 30 þús. Upplýsingar í síma 456 5308

Til sölu Ford Bronco II, árg. '84. Upplýsingar gefur Rögvaldur í síma 456 3143 eftir kl. 18

Til sölu eða leigu er 132m² einbýlishús ásamt 70m² bílskúr að Hjallabyggð 9 Suðureyri. Söluverð: 5 millj., leiga 28 þús. á mán. Laust nú þegar. Upplýsingar í síma 567 6217 eftir kl. 20.

Sléttuhrepping! Þorrablótið verður haldið

nokkur kvöld í mánuði. Upplýsingar í síma 456 4627, María.

Til sölu svört Honda Civic CRX, árg. '86. Topplúga og álfelgur. Upplýsingar í síma 456 7892

Vantar einhverjum dagmömmu, hálfan eða allan daginn. Upplýsingar í síma 456 4681, Ingibjörg.

50 módel! Hittumst Á Eyri fimmtudaginn 13. febrúar kl. 20:30, til að ræða málin.

Til sölu sjálfskiptur Subaru Station, 4x4 árg. 1988, ekinn 106.000 km. Upplýsingar í síma 456 3653

KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

í félagsheimilinu í Hnífsdal laugardaginn 15. febrúar. Sjá nánar í götuauðlýsingum. Nefndin.

Til sölu Cross-hjól, Suzuki RM 250, árg. '88. Upplýsingar í síma 897 8997

Til sölu Ambassador eldavel og gufugleypir. Upplýsingar í síma 456 2291

Óska eftir 4ra mán. hvölp. Upplýsingar í síma 456 3914, Drífa.

Til sölu svartur Arctic Cat EXT Special 550, árg. '91. Ekinn 3.800 mílur, lítur mjög vel út. Upplýsingar í síma 456 5424 eftir kl. 18.

Til sölu 130m² einbýlishús ásamt 32m² bílskúr að Sætni 9, Suðureyri. Upplýsingar í síma 456 6227

Til sölu Volvo 360 GLS árg. '85, ekinn 133.000 km. Upplýsingar í síma 456 3860

Ungt og reglusamt par vantar 2ja herbergja íbúð til leigu. Upplýsingar í síma 456 3351

Óska eftir stölu, 11-12 ára til að passa

Til sölu Yamaha V-Max 600, árg. 94. Upplýsingar í síma 456 5474, eftir kl. 19

Til sölu Daihatsu Charade CX, árg. '91, ekinn ca. 40.000. Upplýsingar í síma 456 4255, eftir kl. 17

Ísfríðingur! Sundfélagið Vestri heldur mót laugardaginn 15. febrúar, kl. 9:30. Á staðnum verða seldar veitingar, bolir og pastelmýndir til styrktar félaginu. Komandi og leggið góðu málefni líð. Nefndin.

Halló krakkar 7 og 8 ára! Skíðaæfingar eru að byrja hjá lyftuvönum krökkum fæddum 1988 og 1989. Æfingar verða á laugardögum og sunnudögum frá kl. 11. og byrja laugardaginn 15. febrúar. Skíðafélagið.

Óska eftir áreiðanlegri barn-góðristelpu á aldrinum 12-14 ára til að passa nokkur kvöld í mánuði. Upplýsingar í síma 456 3260, hjá Maríu.

Til sölu er MMCL300 árgærd 1990. Nánari upplýsingar í Síma: 895-1241 eða 855-1241



SÚÐAVÍKURHREPPUR

Húsvörður - kennari

Súðavíkurhreppur óskar eftir að ráða húsvörð til að annast skólahúsnæði Súðavíkurhrepps. Grunnskóli Súðavíkur, leikskólinn og tónlistarskólinn starfa saman. Við skólana er nú rekið tilraunaverkefni er nefnist heiltæk skólafélag sem felst í samkenslu leikskólabarna og yngstu deilda grunnskólans. Skólarnir starfa í nýju og afar glæsilegu húsnæði sem nýlega hefur verið tekið í notkun.

Húsvörður hefur með höndum umsjón alls húsnæðis og kennarabústaða þar með talið ræstingar, viðhald og rekstur húsnæðis.

Jafnframt vantar við grunnskólann réttinda-kennara á næsta skólaári.

Því gæti húsvörðarstarf vel hentað samhentum hjónum og gefið þannig kost á góðum tekjumöguleikum. Í Súðavík er næg atvinna og þar er nú verið að ljúka uppbyggingu nýrrar byggðar.

Upplýsingar gefur sveitarstjóri í síma 456 4912 á skrifstofutíma.

Umsóknnum skal skila til skrifstofu Súðavíkurhrepps, fyrir 24. febrúar nk.

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

Ágúst Kr. Björnsson.



UM HELGINA



**Bjösssi og Kristján Viðar,
Greifar með meiru í partýstuði
og jollý fjöri, í Sjallanum
og Krúsinni um helgina**



UM HELGINA

**Föstudagskvöld til kl. 03
Bjösssi og Kristján Viðar
Laugardagskvöld til kl. 03
Diskótek**

UM HELGINA

**Laugardagskvöld til kl. 03
Bjösssi og Kristján Viðar
Vægt gjald**



- alltaf eitthvað nýtt í ofninum

ÍSÁFJARÐARBÍÓ



TIN CUP


Fimmtudagur kl. 21:00

Föstudagur kl. 21:00

Sunnudag kl. 21:00



Helgar- dagskráin



Föstudagur

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00 Crooklín (e)
14.50 Sjónvarpsmarkaðurinn
15.10 Út í loftið
15.35 NBA-tilþrif
16.00 Kóngulóarmaðurinn
16.25 Sögur úr Andabæ
16.50 Magðalena
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Íslenski listinn
19.00 19 > 20
20.00 Lois og Clark (16:22)
20.55 Don Juan de Marco

Mynd sem fjallar um sálfræðinginn Jack Luchsinger sem er við það að komast á eftirlaun þegar hann er beðinn að annast sérstæðan sjúkling. Sá heitir Johnny De Marco og hefur samsamað sig einum helsta glaukoma alla tíma, Don Juan. Johnny snýr baki við fortíð sinni og gerir lífinn mun á draumi og veruleika.

22.35 Baráttan gegn Gotti
Getting Gotti

Sannsóleg mynd um baráttu bandarískra yfirvalda, en þó fyrst og fremst einnar konu, gegn mafíuföringjanum John Gotti. Diane Giacalone ólst upp í sama hverfi í New York og John Gotti, en þau héldu hvort sína leiðina.

00.10 Crooklín
02.00 Dagskrárlök

Föstudagur

16.20 Þingsjá
16.45 Leiðarljós (580)
17.30 Fréttir
17.35 Sjónvarpskringlan
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Höfri og vinir hans (8:26)
18.25 Ungur uppfinningamaður
Dexter's Laboratory
Bandarískur teiknimyndaflokkur um ungan vísindamann sem tófrar fram tímafélur, vélmenni og furðuverur eins og ekkert væri einfaldara.

18.50 Fjör á fjölbraut (26:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Happ í hendi
20.40 Dagsljós

21.15 Gettu betur (1:7)
Spurningakeppni framhaldsskólanna. Fyrsti hluti úrslitakeppinnar að undangenginni forkeppni í útvarpi.

22.20 Hjónaleysin (6:9)
Mr and Mrs Smith
Bandarískur sakamálaflakkur með Scott Bakula og Mariu Bello í aðalhlutverkum.

23.05 Excalibur
Bresk ævintýramynd frá 1981 um valdaskið Arthurs konungs, forboðna ást Guinevere drottningar og sir Lancelots og leit riddara hringborðsins að hinum heilaga kaleik.

01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

Laugardagur

09.00 Með afa
09.50 Vilti Villi
10.15 Bibí og félagar
11.10 Skippý
11.35 Soffía og Virginia
12.00 NBA-molar
12.25 Sjónvarpsmarkaðurinn
12.50 Suður á bóginn (20:23)
13.40 Lois og Clark (18:22)
14.25 Fyndnar fjölskyldumyndir
14.50 Aðeins ein jörð (e)
15.00 Þrúðuleikararnir
The Great Muppet Caper
16.35 Andrés önd og Mikki mús
17.00 Oprah Winfrey
17.45 Glæstar vonir
18.05 60 mínútur (e)
19.00 19 > 20
20.00 Smith og Jones (9:13)
20.35 Vinir (21:24)
21.10 Heimskur, heimskari
Dumb and Dumber

Hér er á ferðinni ein frægasta gamanmynd síðustu ára. Hún fjallar um erkiaulann Lloyd Christmas sem dreymir um að kynnast greindri konu, einhverri sem getur lagt saman 2 og 2 án þess að fá út 22. Lloyd starfar sem bílstjóri og þegar hann keyrir eina draumadsína á flugvöllinn verður hann snarhendis ástfanginn og þá er ekki að sökum að spyrja.

23.00 Slæmir félagar
Bad Company
Hörkuspennandi bandarísk bíómynd frá 1995 með Laurence Fishburne og Ellen Barkin í aðalhlutverkum.

00.50 Á þjóðveginum (e)
Easy Rider
Hér segir af tveimur bifhjólaköppum sem gefa frát í allt og halda saman í ferðalag í leit að hinni einu sönnu Ameríku.

02.25 Dagskrárlök

Laugardagur

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.45 Sýrpan
11.15 Hlé
14.35 Sjónvarpskringlan
14.50 Enska knattspyrnan
16.50 Íþróttabáturinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Ævintýraheimur (16:26)
16. Fríða og dýrið
Stories of My Childhood
Bandarískur teiknimyndaflokkur byggður á þekktum ævintýrum.

18.30 Hafgúan (19:26)
19.00 Á næturvakt (16:22)
Baywatch Nights
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.45 Enn ein stöðin
21.15 Laugardagskvöld með Hemma

Skemmtipáttur í umsjón Hermanns Gunnarssonar.
22.00 Saga úr smábæ
Incident in a Small Town
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995 þar sem lögregluverdurinn Harmon J. Cobb tekur að sér að verja gamlan vin sinn sem er sakaður um að hafa myrt barnsföður dóttur sinnar.

23.35 Síðasti dansinn
Sista dansen
Sænsk bíómynd frá 1993 um samskipti tveggja para í blíðu og stríðu.

01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

Sunnudagur

09.00 Bangsar og bananar
09.05 Kollí kátí
09.30 Heimurinn hennar Ollu
09.55 Disneyrímur (1:50)
10.45 Stormsveipur
11.10 Eyjarklíkan
11.35 Ein af strákunum
12.00 Íslenski listinn
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.00 Húsið á sléttunni (16:24)
17.45 Glæstar vonir
18.05 Í sviðsljósinu
19.00 19 > 20
20.00 Chicago-sjúkrahúsið
20.50 Gott kvöld með Gísla Rúnari
21.40 60 mínútur
22.30 Mörk dagsins
22.55 Heimur fyrir handan (e)
They Watch
Bandarísk bíómynd frá 1993 um veröld handan lífs og dauða. Patrick Bergin leikur föður sem hefur misst yndislega dóttur sína í bílslysi. Hann þjáist af sektar-kennnd yfir því að hafa ekki sinnt henni nógu vel meðan hún lifði og er ásóttur af svip stúlkunnar.

00.35 Dagskrárlök

Sunnudagur

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.45 Hlé
15.30 Kvennagullið Clark Gable
Bandarískur þáttur um ævi og feril kvikmyndaleikarans Clark Gables.

16.25 Queen á Wembley
Breska hljómsveitin Queen á tónleikum á Wembley-leikvanginum í London árið 1986.

17.25 Hlið við hlið
Þáttur gerður í tilefni af 20 ára afmæli löggjafar um jafnrétti kynja.

17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.25 Göldróttá frænkan (2:3)
19.00 Geimstöðin (4:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Landið í lífandi myndum

Á hala veraldar - seinni hluti
Í þættinum er fjallað um Jökulfirði og uppganginn sem þar varð á fyrri hluta þessarar aldar.

21.25 Sænsku eldspýturnar
Les allumettes suedoises
22.25 Helgarsportíð
22.50 Blái drengurinn
The Blue Boy

Bresk spennamynd frá 1994 um dularfulla atburði sem eiga sér stað við vatn í skosku hálöndunum.

23.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

**Erum með til sölu
fasteignir víða
á Vestfjörðum
Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu**



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem auðsynðu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

**Magnúsar Örnólfs Jóhannssonar
Smíðjugötu 6, Ísafirði**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki sjúkrahúss Ísafjarðar fyrir frábæra hjúkrun og umönnun.

Margrét Jónasdóttir

Erna Magnúsdóttir
Edda Magnúsdóttir
Jóhann Magnússon
Lilja Magnúsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Helgi Geirmundsson
Stefán Jónsson
Halldóra Jóhannsdóttir
Þórður Sveinbjörnsson

Atvinna

Óskum að ráða í eftirfarandi störf hjá okkur:
Rafvirkjun:

Rafiðnfræðingur, rafvirkjameistari, rafvéla-virki eða sveinn í rafvirkjun, með þekkingu á almennum lögnum, stýrikerfum og rafbúnaði skipa

Rafeindasvið:

Tækni-fræðingur eða rafeindavirkjameistari, með alhliða þekkingu. Starfið felst m.a. í að veita deild forstöðu, skapandi starf fyrir duglegan mann.

Viðkomandi þarf að hafa þjónustulund og eiga auðvelt með að starfa með öðrum. Í umsókn skal gefa upp menntun og fyrri störf. Allar upplýsingar gefur Sævar Óskarsson.



PÓLLINN HF.

Aðalstræti 9 • 400 Ísafjörður
Sími 456 3092 • Fax 456 4592 • Netfang pollinn@mmedia.is



Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Ísafjörður

Bygging ferjubryggju hafin

Á sunnudag hófust steypuframkvæmdir við undirstöður nýrrar ferjubryggju við Sunda höfn á Ísafirði. Að sögn Einars Vals Kristjánssonar, eins af eigendum Eiríks og Einars Vals ehf., sem sér um verkið, hófst vinna við bryggjumiðina um síðustu mánaðarmót og er áætlað að henni verði lokið í aprílmánuði.

Við hlið flotbryggjunnar, sem smíðuð er hjá Skipasmíðastöðinni hf., á Ísafirði, verður

reist trébryggja og er áætlað að uppsetning hennar hefjist innan nokkurra vikna. Samhliða byggingu flotbryggjunnar hefur verið unnið að dýpkun hafnarinnar og hefur sú vinna verið í umsjón Eiríks og Einars Vals ehf. Sex til átta iðnaðarmenn munu starfa við verkið. Áætlaður kostnaður við smíði flotbryggjunnar eru um 22 milljónir króna. Meðfylgandi mynd var tekin af steypuframkvæmum á sunnudag.



Samskip og Básafell setja á stofn Flutningamiðstöð Vestfjarða á Ísafirði

Stofnun fyrirtækisins er liður í eflingu innanlandspjónustu Samskipa

Samskip hf., og Básafell hf., á Ísafirði hafa sett á stofn nýtt flutningafyrirtæki á Ísafirði, Flutningamiðstöð Vestfjarða

ehf. Stofnun fyrirtækisins er liður í því að efla innanlandspjónustu Samskipa enn frekar, en fyrir eru á vegum félagsins

flutningamiðstöðvar á Akureyri, Reyðarfirði, í Vestmannaeyjum og á Selfossi. Hið nýja fyrirtæki verður til húsa að

Sindragötu 11 á Ísafirði og hefur framkvæmdastjóri þess verið ráðinn Guðmundur Hólm Indriðason.

Í frétt frá fyrirtækjunum segir að á liðnum árum hafi þróunin á flutningamarkaðnum verið sú að hlutur landflutninga hefur stóraukist á kostnað sjóflutninga. Samskip hafa lagað sig að breyttum aðstæðum með því að fækka strandferðaskipum félagsins í eitt og mæta sveiflum í eftirspurn með auknum

landflutningum. Félagið ræður nú yfir þéttriðnu þjónustuneti sem nær til helstu þéttbýlistaða á landinu og er Flutningamiðstöð Vestfjarða hluti af því neti.

Markmiðið með stofnun Flutningamiðstöðvar Vestfjarða er að efla flutningaþjónustu við fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir á svæðinu og mun félagið annast alla almenna vöruflutninga, vörugæmslu og dreifingu; fiskflutninga, gáma-

flutninga og landanir úr skipum. Flutningamiðstöð Vestfjarða verður með höfuðstöðvar á Ísafirði og afgreiðslu á öðrum helstu stöðum í fjórðungnum. Í Reykjavík verður fyrirtækið með afgreiðslu hjá Landflutningum-Samskip. Stjórn hins nýja félags skipa þau Baldur Guðnason, Anna G. Aradóttir og Ragnar Guðmundsson.



Sungið fyrir bollur

Bakarar á norðanverðum Vestfjörðum, stóðu líkt og kollegar þeirra víðs vegar um landið, í ströngu um síðustu helgi við bakstur rjómobolla, enda var bolludagurinn á mánudag. Vel á annan tug þúsunda bolla voru bakaðar í bakaríunum tveimur á Ísafirði í ár og lætur því nærri að hver íbúi á svæðinu hafi sporðrennt nær þremur bakarísbollum í tilefni dagsins. Fjöl margar húsmæður baka sínar eigin rjómobollur og er því ljóst að margur landinn hefur innbyrt mikið af rjóma á mánudag. Þegar ljósmyndari blaðsins kom við í Gamla bakaríinu á Ísafirði á mánudag, voru þar fyrir skrautlega klædd ungmenni sem sungu fyrir Ruth Tryggvason og starfsfólk hennar og fengu Berlínabollur að launum.



Stjórn Flutningamiðstöðvar Vestfjarða ehf., ásamt framkvæmdastjóra. F.v. Baldur Guðnason, Guðmundur Hólm Indriðason, framkvæmdastjóri, Anna G. Aradóttir og Ragnar Guðmundsson.

Sumarbæklingar
Samvinnuferða - Landsýnar
og Flugleiða eru komnir!



Samvinnuferðir - Landsýn
Hafnarstræti 7 • Sími 456 5390

Opið sunnudag kl. 13:00 - 17:00
Heitt á könnunni
Börnin fá góðgæti